

# SKÓLAVARÐAN

2. tbl. 10. árg. mars 2010

Málgagn Kennarasambands Íslands



## EINELTI DREPUR

Ungt fólk utan skóla

Starfsandi á vinnustöðum - könnun

Mikilvægi frímínútna

Lestrarkennsla í Flataskóla

Hreyfiátak í Garðaseli

Pedagogista – nýtt nám

**Frumsínt  
19. mars  
í Borgarleikhúsinu**

# GAURA GANGIUR

**Eftir:  
Ólaf Hauk Simonarsson**  
**Tónlist:  
Nýdönsk**



Miðasala | 568 8000 | [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



**Borgarleikhúsið**

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórnendafélag Íslands (SÍ).



Ljósmynd frá höfundri

Sigrún Grendal  
formaður FT

# NÓTAN

Látum hljóma svo að heyrist!

Félag tónlistarskólakennara, Félag íslenskra hljómlistarmanna og Samtök tónlistarskólalækjara hafa í sameiningu ýtt úr vör uppskeruhátíð tónlistarskóla sem ber heitið „Nótan“. Hugmyndin kviknaði fyrir nokkrum árum en efna-hagshrunið hafði þau áhrif að ákveðið var að nú væri tíminn kominn!

Með uppskeruhátíðinni er boðið upp á nýja vidd í starfsemi tónlistarskóla og standa vonir til að hátíðin verði í senn faglega hvetjandi og skemmtilegt innlegg í starfsemi þeirra. Markmiðið er að auka sýnileika og styrkja tengsl tónlistarskóla við umhverfi sitt. Hátíðin er þrískipt, fyrsti hlutinn fer fram inni í tónlistarskólunum, annar hluti felst í fjórum svæðisbundnum tónleikum en þar eru valin þau atriði sem öðlast þátttökurétt í lokatónleikum sem eru þriðji hluti hátíðarinnar.

Það er mikilvægt að menn horfi fram á við og missi ekki sjónar á stefnumiðum sínum þrátt fyrir erfiða tíma. Uppskeruhátíðin er ein leið tónlistarkennara og -stjórnenda til að halda á lofti gildi tónlistarmenntunar og hve stóru hlutverki tónlistarskólur gegna þar. Fjöldi rannsókna og stefnumarkandi pólitískra yfirlýsinga benda á nauðsyn þess að menntakerfið setji í forgang að stuðla að alhliða persónuþroska einstaklinga í stað hefðbundinna áherslna á þekkingu og miðlun hennar. Rannsóknir sýna jafnframt að ein skilvirkasta leiðin til að vinna að alhliða persónuþroska einstaklinga er í gegnum listir og skapandi starf. Í ávarpi mennta- og menningarmálaráðherra á svæðisþingi tónlistarskóla á Hótel Örk síðastliðið haust kom fram að hún teldi að auka ætti vægi listgreina innan menntakerfisins til muna, skilningur á skapandi starfi væri jafnvel meiri nú en áður og hún vildi sjá veg skapandi greina vaxa. Félag tónlistarskólakennara fagnar þessum orðum ráðherra. Það er okkur einnig ánægjuefni að ráðherra tekur þátt í fyrstu uppskeruhátíð tónlistarskóla með ávarpi og verðlaunaafhendingu á lokaathöfn hátíðarinnar þann 27. mars.

Það er táknrænt að „Nótan“ skuli gegna því hlutverki að halda á lofti merki tónlistarmenntunar og skapa vettvang fyrir tónlistarskólakennara til að vekja athygli á hugsjón sinni sem einkennist af óbilandi trú á gildi tónlistarnáms og tónlistar fyrir einstaklinginn og samfélagið. Látum hljóma svo að heyrist!

Sigrún Grendal



Fjöldi rannsókna og stefnumarkandi pólitískra yfirlýsinga benda á nauðsyn þess að menntakerfið setji í forgang að stuðla að alhliða persónuþroska einstaklinga í stað hefðbundinna áherslna á þekkingu og miðlun hennar.



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

# Ný Skólavarða, samkeppni, Eplið og fleira

Nú standa fyrir dyrum umtalsverðar breytingar á útgáfu Skólavörðunnar og annarri miðlun á vegum Kennarasambands Íslands. Í grófum dráttum felast þær í því að Skólavörðum verður fækkað úr átta á ári í fjórar. **Skólavarða** með nýju sniði verður mjög ólík þeirri sem nú vikur. Tímatengt efni eins og tilkynningar, stuttar umfjallanir um ráðstefnur og fleira í þeim dúr verður ekki á síðum blaðsins heldur gerð skil eftir þörfum á [www.ki.is](http://www.ki.is) og í nýju rafrænu fréttabréfi, **Eplinu**. Það hefur göngu sína í apríl nk. og mun koma út að meðaltali tólf sinnum á ári. Í Skólavörðunni gefst því færi á að kafa dýpra í ýmis fagleg málefni og málefni kjaralegs eðlis en verið hefur. Viðtöl, skólaheimsóknir og greiningar á stöðu mála verða fyrirferðarmikil á síðum nýja blaðsins en auk þess getur að líta dægurefni á borð við uppskriftir og myndagátur, umfjöllun um námsefni og annað skólatengt efni og litið út fyrir landsteinana og skoðað hvað kennarar ræða um í öðrum löndum. Jafnframt verður dreifingu blaðsins breytt og það kynnt þegar nýtt fyrirkomulag hefur verið ákveðið. Fyrsta Skólavarðan með nýju sniði kemur út í maí og á þessu ári koma alls út fimm blöð en fjögur á því næsta þegar breytingar verða að fullu komnar til framkvæmda.

Í tengslum við nýja Skólavörðu verður hleypt af stokkunum **samkeppni** um forsiðu fyrstu tölublaðanna og um slagorð til birtingar í henni og í nýja rafríttinu (Eplinu). Sagt er frá þessari samkeppni í blaðinu en nánari upplýsingar verða sendar öllum félagsmönnum í apríltölublaði Eplisins.

Auk nýrrar Skólavörðu og Eplisins hefur undirrituð nú tekið að sér umsjón með allri miðlægrri útgáfu á vegum KÍ og aðstoðar jafnframt aðildarfélag

við sérútgáfu á þeirra vegum sé þess óskað. Ferðablað orlofssjóðs og Handbók kennara eru meðal verkefna nýs útgáfustjóra en auk þess ýmis stök verkefni á borð við kynningarefni af ýmsum toga, möppur, glæsur, veggspjöld, fundargögn, ársskýrslur, bæklinga, fréttaskrif á vef og efnisumsjón hans ásamt vef- og skjalastjóra o.fl. Þetta fyrirkomulag verður að vonum hagkvæmara fyrir sambandið og auðveldar til dæmis að ná góðum prentsamningum.

Hér með hvet ég félagsmenn til að láta í sér heyra um hvað þeir vilja að fjallað sé um í nýrri Skólavörðu, í Eplinu og á vef KÍ. Við sem stöndum að þessari útgáfu fyrir ykkar hönd höfum mikinn metnað til að standa vel að verki. Auk mín og fleiri hér í Kennarahúsinu er það harðsnúin og hörkudugleg útgáfustjórn og fantagóður hönnuður, ljósmyndari, auglýsingastjóri og prófarkalesari. Í útgáfustjórn situr fulltrúi frá hverju aðildarfélagi utan FKE auk þess sem félögunum gefst kostur á að tilnefna varafulltrúa sem hefur heimild til að sitja alla fundi.

Hafið samband!

**Kristín Elfa Guðnadóttir**  
kristin@ki.is

## EFNISYFIRLIT

Formannspistill: NÓTAN Látum hljóma svo að heyrst	3	Könnun vinnuumhverfisnefndar KÍ: Lyftum starfsandanum	16
Leiðari: Ný Skólavarða, samkeppni, Eplið og fleira	4	Frétt: Gagnvirk námstæki auka virkni nemenda	18
Gestaskrif: Ungt fólk utan skóla	5	Ný námsleið: Pedagogista nám hjá EHI	18
Kjaramál: Fæðingarorlof	7	Fundir: KÍ á trúno – sameiginlegir trúnaðarmannafundir aðildarfélaga	19
Teiknimyndasagan: Skóladagar	7	Hreyfing í skólum: Hreyfiátak í Garðaseli	20
Fréttir: Réttmæt laun strax, samkeppni um myndverk o.fl.	8	Læsi: Lesskilningur er meginmarkmiðið	22
Listsköpun: Sérgreinastjóri myndmennta í leikskóla	10	Menntun í Namibíu: Íslendingar styðja þróun móðurmáls San Þjóðarinnar	26
FF: Verjum nemendur og menntun fyrir áföllum	11	Dagur leikskólans: 6. febrúar 2010 í Vestmannaeyjum	28
Síðareglur kennara: Anh-Dao Tran og Ragnar Þorsteinsson skrifa	12	Smiðshöggjö: Krossfesting	29
Skólastarf: Mikilvægi frímínútna	14	Námögögn: Nýtt tónlistarspil	30

**Ritstjóri:** Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is

**Ábyrgðarmaður:** Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is

**Umsjónarmaður félagatals:** Sigríður Sveinsdóttir  
sigridur@ki.is / sími 595 1115

**Hönnun:** Zetor ehf.

**Ljósmyndir:** Jón Svavarsson, nema annars sé getið

**Forsíðumynd:** Á tjarnarbakkanum í Reykjavík: Ungmenn standa saman í táknaþænni athöfn gegn einelti á Degi án eineltis 17. mars sl.

**Auglýsingar:** Stella Kristinsdóttir  
stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

**Prentun:** Ísafold

Skólavörðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNASAMBAND  
ÍSLANDS



Frá vinstri: Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson.

## Ungt fólk utan skóla – ný rannsókn

Á Íslandi er framboð á menntun eitt það mesta sem þekkest og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Segja má að flestir sem þessa óska geti fundið sér nám við hæfi og sýnir aukin skólasókn þá þróun glögg. Þó er ávallt tiltekinn hópur sem einhverra hluta vegna ýmist hættir í námi eða hefur ekki framhaldsnám eftir að grunnskóla lýkur.

Í rannsókninni Ungt fólk utan skóla 2001 sem Rannsóknir & greining vann kom fram að sá hópur ungmenna á framhaldsskólaaldri sem ekki stundar nám í framhaldsskóla hafði lélegri félagsleg tengsl við foreldra, vini og stofnanir samfélagsins en jafnaðrar sem stunduðu skóla. Einnig stríddu þau oftast við andlega og líkamlega vanlíðan og voru líklegri til að neyta ávana- og fíkniefna en jafnaðrar þeirra í skóla.

Á síðasta ári var ákveðið að gera aftur samþæfð rannsókn. Ástæða þess er mikill áhugi þeirra sem vinna að málefnum ungs fólks á að skoða aftur stöðu og þróun mála hjá ungmennum á framhaldsskólaaldri sem sækja ekki nám í hefðbundnum framhaldsskólum landins. Sérstök áhersla var lögð á að skoða stöðu hópsins undir lögdalri, þ.e. yngri en 18 ára. Mennta- og menningarmálaráðuneyti ásamt Reykjavíkurborg hvöttu til þess að rannsóknin yrði gerð. Hún endurspeglar félagslega stöðu þess hóps ungmenna 16 til 20 ára á Íslandi sem stundar ekki nám við hefðbundna framhaldsskóla en er þó á þeim aldri sem skilgreindur er sem framhaldsskólaaldur.

Hafa ber í huga að mikið framboð er af öðru námi á framhaldsskólastigi á Íslandi en því sem fram fer í hefðbundnum framhaldsskólum, þ.e. í sérskólum á framhaldsskólastigi. Dæmi um slíkt nám er til dæmis kvikmyndun, tölvunám, tónlistar- og dansnám o.fl. Ungmönnum í þannig námi eru gerð sérstök skil í rannsókninni. Í henni var leitast við að setja fram eins skýra mynd af þátttakendahópnum og mögulegt er. Meðal annars var athugað hvort munur væri á svörum einstaklinga eftir búsetu en svo reyndist ekki vera. Hins vegar kom fram veru-

**Í heild sýna niðurstöður að hagir og líðan ungmenna 16 til 20 ára sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus eru lakari en þeirra ungmenna sem segjast vera aðallega í námi.**

legur munur á þátttakendum eftir því hvort þeir sögðust atvinnulausir, í vinnu eða í námi utan hefðbundinna framhaldsskóla. Niðurstöður þessarar greiningar miðast við þessa þrjá hópa.

Niðurstöður voru unnar á þann hátt að bornir voru saman þrjú hópar ungmenna: 1) þau sem segjast aðallega vera í námi, 2) þau sem segjast aðallega vera í vinnu og 3) þau sem segjast vera atvinnulaus. Hópunum þremur var einnig skipt eftir aldri, þ.e. yngri en 18 ára og 18 ára og eldri, og þar sem verulegur munur var á kynjum voru niðurstöður greindar eftir kyni. Alls tóku 370 drengir og 405 stúlur þátt í könnuninni. Í heild sýna niðurstöður að hagir og líðan ungmenna 16 til 20 ára sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus eru lakari en þeirra ungmenna sem segjast vera aðallega í námi. Í ákveðnum tilfellum voru niðurstöður einnig bornar saman við þann hóp ungmenna sem stundar nám við hefðbundna framhaldsskóla (rannsóknin Ungt fólk 2007 meðal framhaldsskólanema) og lúta m.a. að vímuefnanotkun, sjálfsmýnd og líðan ásamt ástundun íþróttar og líkamsræktar.

Áhugavert er að niðurstöður sem snerta ungmenni sem eru í einhvers konar námi, utan hefðbundins framhaldsskóla, eru á margan hátt samþæfðar niðurstöðum úr áður nefndri rannsókn meðal ungmenna í framhaldsskólum árið 2007. Vísa þær til þess að hagir og líðan ungmenna 16 til 20 ára sem stunda eitthvert nám, innan eða

utan hefðbundinna framhaldsskóla, séu samþæfðar og betri en þeirra sem ekkert nám stunda, vinna eða eru atvinnulaus. Þó ber að hafa varann á í slíkum samanburði á rannsóknum yfir tíma.

Niðurstöður benda þó til að allt nám hafi jákvæð áhrif á ungmenni, hvort sem það er í framhaldsskólum eða sérskólum á framhaldsskólastigi.

Rannsóknin leiðir í ljós að tengsl ungmenna, sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus, við fjölskyldu sína eru veikari en þeirra sem eru í skóla og þau virðast frekar upplifa skort á stuðningi frá foreldrum sínum. Einnig virðast ungmenni í vinnu eða atvinnulaus telja sig eiga erfðara með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum en þau ungmenni sem eru aðallega í námi. Foreldrar virðast líka frekar fylgjast með því hvar og með hverjum þau ungmenni eru sem eru í námi. Rannsóknir Rannsóknna & greiningar hafa áður leitt í ljós að stuðningur foreldra, eftirlit og aðhald er veigamikill þáttur í því að tryggja almenna velferð barna og ungmenna.

Rannsóknin nú sýnir einnig að þau ungmenni sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus eru líklegri en þau sem eru aðallega í námi til að hafa lakara sjálfstraust. Þessi ungmenni virðast frekar upplifa það að hafa engan til að tala við, vera einmana, eiga erfitt með eignast vini, upplifa sig misheppnuð, finnast þau einskis nýt o.fl.

Rannsóknin leiðir einnig í ljós að þau ungmenni sem eru aðallega að vinna eða atvinnulaus virðast líklegri en þau sem eru aðallega í námi til að finna til ýmissa þunglyndiseinkenna á borð við að breyta auðveldlega í grát eða langa til að gráta, vera niðurdregin eða döpur, ekki spennt fyrir að gera neitt, finnast framtíðin vonlaus og hafa hugleitt sjálfsvíg. Margt af þessu á sérstaklega við um ungmenni sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus. Einnig er vert að benda á að þau ungmenni sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus eru líklegri en önnur ungmenni til að upplifa það að finnast allir hafa brugðist sér.

Þau ungmenni sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus virðast jafnframt telja andlega og líkamlega heilsu sína lakari en þau ungmenni sem eru í námi.

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi skipulagðs íþrótta- og tólmstundastarfs. Í þessari rannsókn kemur fram að þau ungmenni sem eru í námi virðast frekar en þau sem eru í vinnu eða atvinnulaus taka þátt í skipulögðu íþrótta-, æskulýðs-, félags- og tólmstundastarfi. Þau ungmenni sem eru atvinnulaus virðast einnig síst stunda íþróttir eða líkamsrækt. Enn fremur eru atvinnulaus ungmenni ólíklegri en aðrir til að æfa eða keppa með íþróttafélagi.


Pá leiðir rannsóknin í ljós að þau ungmenni sem eru í vinnu eða atvinnulaus reykja frekar en þau sem eru aðallega í námi. Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2007 meðal framhaldsskólanema sýna að heldur dró úr hlutfalli stráka og stelpna sem sögðust reykja sigarettur daglega frá 2000 til 2007. Í rannsókninni nú sýna niðurstöður sem snúa að áfengisneyslu ungmenna að ungmenni yngri en 18 ára og í námi verða sjaldnar drukkin en þau sem eru í vinnu eða atvinnulaus. Jafnframt má sjá að ungmenni sem eru í vinnu eða atvinnulaus eru mun líklegri en þau sem eru í námi til þess að hafa notað ólögleg fíkniefni á borð við hass, maríjúana og amfetamín sem og að hafa farið í meðferð vegna áfengis- og/eða vímuefnanotkunar.

Þessar niðurstöður eru þýðingarmiklar fyrir stjórnvöld, stofnanir, félög, félagasamtök og aðra þá sem móta og framkvæma stefnu í málefnum ungs fólks á Íslandi. Ljóst er að ákveðinn hópur ungmenna nær ekki að festa rætur í framhaldsskólum landsins og vísbendingar eru um að þessi hópur eigi einnig erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum. Í desember 2009 voru 537 ungmenni á aldrinum 16-19 ára skráð atvinnulaus samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar og um 2700 ungmenni á aldrinum 16-24 ára. Það er því afar mikilvægt að beina sjónum að þeim hópi ungmenna sem eru atvinnulaus til að koma í veg fyrir að þau verði óvirkir samfélagsþegnar. Brottfall úr framhaldsskólum hefur verið svipað milli ára undanfarin ár og ungmenni hafa því sótt út á vinnumarkaðinn í staðinn. Eins og staðan er í samfélaginu núorðið er litla vinnu að fá og mikil hætta á að ungmennin sitji uppi aðgerðalaus. Það er því þörf á að skoða alla þessa þætti í samhengi og ekki síst aldursþóppinn sem er undir lögaldri með tilliti til aðstæðna í samfélaginu.

Álfgeir Logi Kristjánsson, lektor við Háskólann í Reykjavík og Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri Rannsókna & greiningar.


Hér má sjá nokkrar valdar lýsandi myndir úr rannsóknarskýrslunni sem vísað er í. Myndirnar sýna ávallt hópana þrjá sem getið er hér að ofan eða 1) þau sem segjast aðallega vera í skóla (utan hefðbundinna framhaldsskóla), 2) þau sem segjast aðallega vera að vinna og 3) þau sem segjast vera atvinnulaus.

Skýrsluna Ungt fólk utan skóla má finna í heild á [www.rannsoknir.is](http://www.rannsoknir.is) undir „skýrslur“.




Mynd 1. Hlutfallsleg skólasókn árganga að hausti 2000-2008 samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Myndin sýnir hlutfall nemenda sem hefja nám á hverju aldursári í framhaldsskólum. Til dæmis sést að árið 2005 voru 94% 16 ára fæðingarárgangs skráð í nám að hausti. Ári seinna, haustið 2006, voru 85% sama árgangs (þá 17 ára) skráð í slíkt nám í framhaldsskólum. Loks má sjá að um 69% árgangsins eru enn skráð í nám árið 2008, þá 19 ára gömul.



Mynd 2. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana.



Mynd 3. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að: „Þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnuð/misheppnaður.“

# Fæðingarorlof

## Breytingar á fæðingarorlofslögum

Fæðingarorlofslögin taka stöðugum breytingum, sú síðasta var í árslok. Alþingi samþykkti þá breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og gildir hún fyrir foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2010 og síðar. Útgreiðsluprósentu af meðaltali heildarlauna umfram kr. 200.000 er 75% (var áður 80%). Meðaltal heildarlauna að kr. 200.000 er áfram með útgreiðsluprósentuna 80%. Hámark greiðslna er kr. 300.000 á mánuði (var kr. 350.000). Miða skal við tólf mánaða samfellt tímabil sem lýkur sex mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða í varanlegt fóstur.

## Fæðingarstyrkur

Sjúkrasjóður KÍ greiðir fæðingarstyrki til félagsmanna í fæðingarorlofi. Upphæðin er kr. 200.000 (kr. 119.760 eftir skatt) miðað við fullt starf sex mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma. Skilyrði er að sjóðfélagi/félagsmaður fari með forsjá barnsins og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Vegna fjölbura fæðinga er greidd sama upphæð (kr. 200.000) fyrir hvert barn umfram eitt. Um ættleiðingar gilda sömu reglur. Séu báðir foreldrar félagsmenn geta báðir sótt um fæðingarstyrk. Útfylla þarf sérstakt eyðublað sem nálgast má á vef KÍ og senda ásamt fæðingarvottorði barns. Það er því ekki hægt að sækja um þennan styrk fyrr en eftir að barn fæðist. Fæðingarvottorði eru gefin út af Þjóðskrá. Allar umsóknir um fæðingarstyrk sem berast fyrir 20. hvers mánaðar eru afgreiddar í næsta mánuði á eftir.

## Fæðingarorlof telst starfstími

Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi reiknast sem starfstími og vinnur hann sér inn rétt til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum eins og hann væri í starfi. Sama gildir um starfsaldurshækkunar, veikindarétt, upp-

sagnarrest og rétt til atvinnuleysisbóta. Foreldri greiðir í lífeyrissjóð að lágmarki 4% meðan á fæðingarorlofi stendur en Fæðingarorlofssjóður greiðir að lágmarki lögbundið mótframlag. Fæðingarorlofssjóður greiðir hins vegar ekki mótframlag vegna séreignarsparnaðar. Rétt er að benda á að starfsmaður sem framlengir fæðingarorlof sitt telst taka launalaust leyfi í framlagi af fæðingarorlofinu og orlof ávinnst ekki af launalaus leyfi. Þetta á einnig við um þá sem dreifa greiðslunum á lengri tíma því orlof ávinnst ekki af framlengingunni. Ég hvet félagsmenn á leið í fæðingarorlof til að hafa samband og fá aðstoð við þessa útreikninga ef þeir hyggjast framlengja fæðingarorlofið.

## Ráðningarmál þeirra sem eru á leið í fæðingarorlof

Það er mikilvægt að vera vakandi yfir ráðningarmálum ef kennari er á leið í fæðingarorlof. Af gefnu tilefni er rétt að benda á að hafi kennari ekki gildan ráðningarsamning í fæðingarorlofinu fær hann ekki greitt orlof á fæðingarorlofið. Sem dæmi má nefna að kennari sem ekki hefur gilda ráðningu í fæðingarorlofinu og fer í sex mánaða fæðingarorlof sem lýkur um áramót og kemur aftur inn til kennslu á vorönn á ekki rétt á fullum launum sumarið á eftir þar sem hann telst eingöngu hafa verið í starfi á vorönn. Sá sem hefur gilda ráðningu í fæðingarorlofinu fær hins vegar full laun sumarið eftir fæðingarorlofið hafi hann verið í fullu (100%) fæðingarorlofi og ekki framlengt það.

Ef ráðning rennur út áður en fæðingarorlof hefst verður kennari að skrá sig á atvinnuleysis-skrá um leið og ráðning rofnar eða sækja um sjúkradagpeninga ef heilsa leyfir ekki að viðkomandi fari á atvinnuleysis-skrá. Bæði atvinnuleysisbætur og sjúkradagpeningar teljast til þátttöku á atvinnumarkaði og þess er krafist að starfsmaður sem sækir um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hafi verið samfellt sex mánuði á vinnumarkaði fyrir fæðingu barns. Það er hins



Ljósmynd: Steinhildur Jónsdóttir

Ingibjörg Úlfarsdóttir  
launafulltrúi KÍ

**Það er mikilvægt að vera vakandi yfir ráðningarmálum ef kennari er á leið í fæðingarorlof. Af gefnu tilefni er rétt að benda á að hafi kennari ekki gildan ráðningarsamning í fæðingarorlofinu fær hann ekki greitt orlof á fæðingarorlofið.**

vegar ekki skilyrði fyrir greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði að vera með ráðningu út fæðingarorlofið.

Ég hvet alla sem eru í vafa um einhver atriði varðandi fæðingarorlofið eða annað að hafa samband. Bæði er hægt að senda mér tölvupóst á netfangið [ingibjorg@ki.is](mailto:ingibjorg@ki.is) eða hringja til mín í síma 595 1111.

Ingibjörg Úlfarsdóttir



# RÉTTMÆT LAUN STRAX

– það er engin sanngirni í öðru

## Herferð Alþjóðasambands kennara (EI - Education International) og stéttarfélag kennara um allan heim kynnt á baráttudegi kvenna

Kynferðið er konum um allan heim fjötur um fót í margvíslegu tilliti. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti, 8. mars, kynnti Alþjóðasamband kennara (EI) herferð fyrir jafnræði í launum (pay equity, innskot blm.) með sérstaka áherslu á að berjast gegn kynbundnu launamisrétti.

Alþjóðadagur launajafnræðis (e. equal pay day) er búinn að hasla sér völl í fjölmörgum löndum um allan heim undanfarna áratugi. Dagsetning hans er mismunandi á milli landa en í Evrópu er auk þessa dags haldið upp á samevrópskan dag launajafnræðis (European pay equity day) þann 15. apríl. Í ár notar Alþjóðasamband kennara þennan dag til að marka upphaf herferðar sinnar RÉTTMÆT LAUN STRAX sem kynnt var á alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti 8. mars.

„Jafnræði í launum er lykilatriði í jafnrétti og sanngirni“, segir í kynningarbréfi Alþjóðasambandsins um herferðina. „En því miður er milljónum kvenna um allan heim mismunandi í launum og í raun hefur ekki eitt einasta samfélag náð fullu launajafnrétti kynja þrátt fyrir itrekaðar áskoranir ýmissa alþjóða-stofnana um að koma því á.“

Alþjóðasambandið styður félagasamtök sín og þeirra á meðal Kennarasamband Íslands í því að krefjast jafnræðis í launum fyrir jafngild laun þvert á kynferði en því miður er það svo að konur um allan heim líða fyrir kynferði sitt á þessu sviði eins og fleirum.

Í kynningarbréfinu segir að kennsla sé kvengert (e. feminized) starf en almennt séð fækki kven-

kennurum í hlutfalli við hækkandi aldur nemenda. „Það er sérstaklega áberandi að háskólastigið nýtur mestrar virðingar og er jafnframt það skólastigið þar sem konum reynist erfiðast að komast í stjórnunarstöður. Konur eru auk þess líklegri til þess en karlar, sem kenna á sama skólastigi, að vera í hlutastarfi, lausráðnar og í störfum sem veita ekki aðgang að ákvarðanatöku. Allir þessir þættir ýta undir kynjamismunum í launum.“

Herferð EI, RÉTTMÆT LAUN STRAX, miðar að þessu: Að vera kennarasamtökum um allan heim hvatning í að safna upplýsingum um þessi mál, taka upp stefnu í þeirra þágu og koma á fót og samhæfa aðgerðir til að fá ríkisstjórnir til að hrinda launajafnræði í framkvæmd, líka í kreppunni.

### Jafnræði í launum, eða réttmæt laun, merkir eftirfarandi:


1. Sömu laun fyrir sömu vinnu.
2. Sömu laun fyrir jafngilda vinnu.
3. Að eyða launabili milli karla- og kvennastarfa
4. Skoða hvort þættir á borð við þjóðerni, félagslegan bakgrunn og fötlun skerða laun og leiðrétta ef svo er.

### Réttmæt laun eru tæki sem dregur úr fátækt og eflir frelsi, sjálfsvirðingu og velferð fjölskyldna og samfélaga.

Gerum kynbundið launamisrétti sýnilegt! Það felst ekki bara í sömu launum fyrir nákvæmlega sömu vinnu heldur í kynbundnu gildismati á störfum eins og fram kemur hér að ofan.

Allir græða á jafnræði í launum sem eykur virði vinnu almennt. Þess utan vinna karlar líka kvennastörf. Jafnræði í launum er grundvallar-mannréttindi.

keg



Hægt er að panta bæklinga með því að senda tölvupóst á [equality@ei-ie.org](mailto:equality@ei-ie.org) eða hlaða þeim niður af vef Alþjóðasambandsins, nánar tiltekið af síðunni [download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/Pay%20Equity%20Leaflet%202010\\_e.pdf](http://download.ei-ie.org/Docs/WebDepot/Pay%20Equity%20Leaflet%202010_e.pdf)

Nánari upplýsingar og hjálpargögn af ýmsum toga er að finna á sama vef, þ.e. [ei-ie.org](http://ei-ie.org)

**Kennarar og aðrir sem láta sig málið varða eru hvattir til að sækja heim vef EI og afla sér upplýsinga og/eða senda myndir, veggspjöld og sögur af aðgerðum í eigin landi í þessa þágu.**

### Önnur skilgreining:

PAY EQUITY: Pay equity incorporates the principle of equal pay for work of equal value which is the requirement to pay males and females within the same organization the same salary for work that is judged to be of equal value. A methodology is used which identifies wage gaps and the female salary is raised to the male salaries to achieve the goal of pay equity.

Steward's dictionary

## Samkeppni um myndverk og slagorð fyrir nýja og breytta Skólavörðu!

Skólavörðan/KÍ ætla að halda samkeppni um 1) myndverk á forsiðu Skólavörðunnar fyrir árið 2010 og 2) slagorð sem einnig munu birtast í Skólavörðunni og fréttabréfi KÍ. Verðlaun eru veitt í hvorum flokki um sig.

Þemað í samkeppninni er „Kennarinn“ – og er þar skírskotað til starfs kennarans og þess jákvæða við að mennta sig og næra líkama og sál í samfélagi við aðra.

Myndverk á forsiðu getur verið samsett mynd, ljósmynd, ljóð, teikning eða á hverju því formi sem hægt er að prenta á forsiðu Skólavörðunnar og hæfir viðfangsefninu. Athugið að kennimerki Skólavörðunnar á ekki að fylgja (þ.e. orðið *Skólavörðan*) því það er með föstu sniði.

Nánari upplýsingar um samkeppnina og verðlaun verða sendar félagsmönnum í rafrænu fréttabréfi í apríl.

## Ánægðir með grunnskólastarf í Reykjavík

Nýverið kom út skýrsla með niðurstöðum viðhorfskönnunar í Reykjavík þar sem foreldrar grunnskólubarna voru spurðir ýmissa spurninga. Þetta er í sjötta sinn sem könnun af þessu tagi hefur verið lögð fyrir reykvíska foreldra, í fyrsta sinn árið 2000. Meðal annars kemur fram að heildaránægja með skóla barns hefur breyst umtalsvert til hins betra frá 2008, farið úr 77,6% í 83,7%. Ánægja foreldra yngri barna er almennt meiri en foreldra eldri barna. Ánægja með umsjónarkennara hefur alltaf verið mikil meðal foreldra og er enn. Þá telur mikill meirihluti foreldra

telur að börnum þeirra líði vel í skólanum, bæði almennum kennslustundum og frímínútum. Ánægja með aðstæður til að matast heldur áfram að aukast jöfnum skrefum. Um 76% foreldra telja grunnskóla barns þeirra vera vel stjórnað sem er aukning um eitt prósentustig frá 2008 en er samt nokkuð frá hlutfallinu þegar ánægja með stjórnun skólans var mest árið 2000 (81%). Hægt er að glugga á skýrsluna á vef Reykjavíkurborgar [rvk.is/Portalddata/1/ Resources/menntasvid/skjol/Foreldrakoennun\\_Reykjavik\\_2010.pdf](http://rvk.is/Portalddata/1/Resources/menntasvid/skjol/Foreldrakoennun_Reykjavik_2010.pdf)





# Heilsueflandi skólar

## Skólalöng 9. apríl 2010

Verður haldið í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, Reykjavík. Þingið er öllum opið og þátttakendum að kostnaðarlausu, en skrá þarf þátttöku á vef Lýðheilsustöðvar, [www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is).

### Dagskrá:

- 08:00 Afhending fundargagna
- 08:20 Opnun ráðstefnu
- 08:30 Hvað er heilsueflandi skóli? *Margrét Björnsdóttir*, forstjóri Lýðheilsustöðvar.
- 08:45 Reducing youth alcohol drinking through a parent-targeted intervention: The Örebro Prevention Program; *Nikolaus Koutakis*, Örebro University, Svíþjóð.
- 09:45 Heilsa og líðan framhaldsskólanema; *Margrét Lilja Guðmundsdóttir*, HR.
- 10:05 Heilsueflandi framhaldsskólar; *Héðinn Svarfjal Björnsson*, Lýðheilsustöð.
- 10:25 Flensborg, Hafnarfirði - heilsueflandi framhaldsskóli; *Magnús Þorkelson*, skólameistari Flensborg
- 10:40 Mataræði framhaldsskólanema – Handbók fyrir mótuneyti í framhaldsskólum; *Hólmfríður Þorgeirsdóttir*, verkefnisstjóri næringar, Lýðheilsustöð.
- 10:50 Framhaldsskólinn og heilsuefling; *Guðbrandur Stefánsson*, formaður ÍKFÍ.
- 11:15 Forvarnir og samstarf við foreldra framhaldsskólanema; forvarnarfulltrúi.
- 11:30 Erindi frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- 11:45 Erindi frá Heilbrigðisráðuneyti; *Ástbaldur Knútsdóttir*.
- 12:40 Heilsa og líðan grunnskólanema 2010; *Bóroddur Bjarnason*, HA.
- 13:00 Áherslur á heilsueflingu í sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf til 2020; *Svandís Ingimundardóttir*, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 13:20 Heilsueflandi grunnskólar; *Sveinbjörn Kristjánsson*, verkefnisstjóri Lýðheilsustöð.
- 13:40 Heilsueflandi grunnskóli á Austurlandi; *Sigurbjörg Kristjánisdóttir*, Egilsstaðaskóla.
- 14:00 Hreyfing í grunnskólastarfinu – Handbók um hreyfingu *Gígja Gunnarsdóttir*, verkefnisstjóri hreyfingar, Lýðheilsustöð.
- 14:35 „Rödd úr skólasamfélaginu“ *Óskar Einarsson*, skólastjóri Fossvogsskóla.
- 15:00 Niðurstöður úr könnun á meðal grunnskólastjóra; *Jórlaug Heimisdóttir*, verkefnisstjóri, Lýðheilsustöð.
- 15:15 Panell og fyrirspurnir - Efling tengsla á milli skólasamfélagsins og heilbrigðiskerfisins.
- 15:45 Skólalöng slitið.



# Sagnaheimur á Netinu



**Einungis 990 kr.**  
á mánuði

ótakmarkað niðurhal



Hos oss i GRENSÁSVIDEO  
er det Nordisk Filmfestival  
HELE ÅRET

Babettes Gjestebud blandt mange  
andre fantastiske filmer.

[www.grensasvideo.is](http://www.grensasvideo.is)

Grensásvegi 24

S: 568 6635

Opið 14.00 - 23,30



## Leikskólinn Aðalþing

óskar eftir að ráða leikskólakennara til starfa

## í stöðu útikennara

Í Aðalþingi er unnið í anda Reggio Emilia  
uppeldisaðferðarinnar

Staða útikennara er verkefnisstjórastaða og hluti af þróunarverkefni um útinám en getur orðið deildarstjórastaða í framtíðinni. Hlutverk útikennara er að leiða og þróa útinám innan og utan lóðar við Aðalþing í samvinnu við stjórnendur leikskólans.

Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um stöðuna.

Upplýsingar veitir Kristín Dýrfjörð skólastjóri í síma 515 0930 eða í tölvupósti [dyr@adalthing.is](mailto:dyr@adalthing.is)  
Umsóknarfrestur er til 19. apríl.

## Öflugt leikskólastarf:

## Sérgrainastjóri myndmennta í leikskóla

Tilgangur þessara skrifa er að lýsa hlutverki sérgrainastjóra myndmennta í leikskóla og hverjar áherslur eru í því starfi. Heiti og starfslýsing sérgrainastjóra var samþykkt af Félagi leikskólakennara og Launaféndar sveitarfélaga í febrúar 2009.

#### Hver er staða sérgrainastjóra og hvaða hlutverki gegnir hann?

Samkvæmt starfslýsingu eru meginverkefni sérgrainastjóra að skipuleggja og stýra verkefnum sem tengjast markmiðum hvers leikskóla. Hver leikskóli leggur upp eigin leiðir og áherslur í starfi sínu miðað við þá hugmyndafræði sem unnið er eftir í tengslum við Aðalnámskrá leikskóla. Það hefur lengi tíðkast í landinu, en breyttist með efnahagskreppunni, að leikskólar réðu til sín verkefnastjóra (sérgrainastjóra var ætlað að koma í stað verkefnastjóra) sem leiddu sérstök verkefni innan leikskólans, eins og listsköpun, tónlist, hreyfingu, náttúruvísindi og fleiri námssvið leikskólans. Tækifæri gáfust til að fá inn fagmenntað fólk á tilteknum sviðum til að vinna að ákveðnum verkefnum og leiða þróunarstarf. Leikskólastarfið verður æ sérhæfðara og með þann möguleika að leiðarljósi að leikskólinn geti valið sitt svið eða áherslu er líka mikilvægt að hann geti valið starfsfólk í samræmi við það. Fjölbreyttur mannauður kemur skólunum best.

Hlutverk sérgrainastjóra er að halda utan um og þróa ákveðna þætti leikskólastarfsins í samstarfi við starfsfólk leikskólans. Hlutverk mitt sem sérgrainastjóri í myndmennt er að halda úti faglegu starfi í tengslum við sjónlistir og menningu barna. Vera tengiliður starfsfólks, finna leiðir með þeim sem henta leikskólabörnum og því starfi sem fram fer á leikskólanum. Jafnframt vera tengiliður út á við og stuðla að samstarfi og samvinnu við aðra leikskóla eða menningarstofnanir. Miðla þekkingu til starfsfólks, foreldra, fagstéttar og almennings. Vinna með börnunum og starfsfólkinu að verkefnum sem haldast í hendur við önnur verkefni skólans. Einnig er mikilvægt að sérgrainastjóri geti komið með nýjungar og sjái um allan efnivið sem tilheyrir sjónlistum. Sérgrainastjóri vinnur að mótun hugmyndafræði og samhæfingu starfsfólks að sama marki.

Hlutverk mitt er fyrst og fremst að vinna að því að börnum séu skapaðar aðstæður til að vinna með reynslu sína og tjá sig í ólíkan efnivið. Til þess þarf samhæft starfslið sem deilir þeim viðhorfum að börn séu mótendur eigin tjáningar en ekki bara óvirkir þiggjendur.

Horfum við á barnið sem megnugan geranda og tilbúið til að skoða og rannsaka heiminn á eigin forsendum með stuðningi okkar? Eða höfum við fyrirfram ákveðnar hugmyndir sem



Kristín Hildur í vinnu með barni í Sæborg

Ljósmyndir frá höfund.

**Börn eru einstakir hlustendur, þau hafa tilhneigingu til að tjá sig og búa til sambönd eða tengsl. Þess vegna eigum við að gefa þeim nóg af tækifærum til að tjá hugsun og sýna hana öðrum. Þannig verður námsferlið skapandi.**

við matreiðum fyrir börnin, eins og t.d. skapalón sem oft gera lítið úr skapandi affli barnsins?

Forsenda skapandi ferlis er að við horfum á barnið sem hæfileikaríkan einstakling sem frá upphafi fæðingar leitar svara við spurningum eins og „hvers vegna“ og „hvernig“. Barnið er í stöðugri leit að merkingu hlutanna og tilverunnar í kringum sig og notar ýmsar leiðir byggðar á fyrri reynslu og þroska. Með auknum skilningi verður til þeirra eigið sjálf sem þau síðan byggja vinnu sína á og bæta stöðugt við.

Börn eru einstakir hlustendur, þau hafa tilhneigingu til að tjá sig og búa til sambönd eða tengsl. Þess vegna eigum við alltaf að gefa þeim nóg af tækifærum til að sýna eða tjá hugsun og sýna hana öðrum. Þannig verður námsferlið skapandi. Byggt er upp tenging á milli hugsunar og hluta sem fæðir af sér nýsköpun og breytingar.

Áherslan á að vera á fjölpætta hugsun.

Einn morgun sat ég inni á deild með elstu börnum leikskólans og við vorum að rista brauð.

Eitthvað hafði leikskólakennarinn orð á því að ristavélin stæði á sér og væri nú komin til ára sinna. Þá varð til þessi umræða þriggja barna sem sýnir hvers börn eru megnug í hugsun ef þau fá tækifæri til að koma með eigin vangaveltur.

*Drengur, 5 ára: Við búum bara til nýja ristavél.*

*Drengur, 4 ára: En það er svo erfitt!*

*Stúlka, 5 ára: Nei ekki ef við gerum það saman.*

*Drengur, 4 ára: Já en þessi gerir fjögur brauð!*

*Drengur, 5 ára: Við þurfum bara dálítið stál.*

*Stúlka, 5 ára: Já og við þurfum sterka nagla og mikið stál.*

*Drengur, 4 ára: Já og við þurfum líka eld.*

Hlutverk okkar er að fara nýjar menntunleiðir, ekki bara miðla reynslu heldur spyrja spurninga. Virkja börnin í umræðu og uppgötvu hvers vegna þau eru svo upptekin af því að rannsaka ákveðið efni. Finna út hvað börn eru að hugsa þegar þau snerta, rannsaka og kanna áferð hluta. Hlutverk kennarans er að vera til staðar án þess að vera ágengur eða uppþrengjandi og halda lífi í vitsmunalegri og félagslegri virkni. Hlúa að, ala upp og ögra með ákveðnum athugasemdum eða spurningum. Kennarinn á sífellt að vera athugull og umfram allt rannsakarandi í starfi sínu. Þess vegna þurfum við stöðugt að spyrja okkur hvernig við búum til umhverfi og verkefni sem leiða til þekkingar, lausnarleitar, spurninga og gagnrýnnar hugsunar.

Með langtíma verkefnum má styrkja hið megnuga og hæfileikaríka barn. Að samþætta námssvið eða reynslu barnsins á þessu sviði er brýnt. Horft er á viðfangsefni barnsins sem heild en ekki bútakennt eins og tilhneiging vill oft verða í skólustarfi. Með áherslu á langtíma-verkefni þar sem kafað er í ákveðið viðfangsefni er hægt að nálgast það á dýptina og breiddina og öðlast heildstæðari þekkingu. Með langtíma-verkefnum og lausnarleit er lögð áhersla á virkni einstaklingsins, hægt er að fylgjast með þróun barnsins og læra hvernig börn nema og hvaða leiðir þau fara. Hér kemur inn samvinna leikskólakennara og sérgreinastjóra að tengja allt

í eina heild og skapa stöðugt örvandi umhverfi sem kallar fram nýjar spurningar og reynslu.

Unnið er með þá trú að leiðarljósi að hægt sé að breyta hugsun með þátttöku barnsins í nærumhverfinu og að greind aukist með námi sem virkjar samvirkni ólíkra heilastöðva. Námið er byggt þannig upp að um virka könnun og tjáningu á viðfangsefni sé að ræða.

Listir og skapandi ferli eru afar mikilvægir þættir í námi barna. Dómgreindin þroskast og eigið mat fær að njóta sín. Barnið fer í gegnum sköpunarferlið, velur og hafnar og svörin byggjast ekki á neinu fyrirfram ákveðnu þar sem lausnir geta verið margar. Í vinnu með öðrum sem eru að skapa og leita lausna verður til umhverfi þar sem nýjar hugmyndir fæðast. Virðing fyrir hugmyndum annarra eykst og miðlun eigin hugmynda verður auðveldari. Listsköpun hjálpar börnunum að tjá það sem ekki er hægt að segja með orðum.

Rannsóknir sýna að til þess að listsköpun verði hluti af lífi okkar og starfi verðum við að fá tækifæri til að takast á við listir sem leið að þekkingu frá unga aldri. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að tilhneingin í grunn- og framhaldsskólanum er meira í átt að bóklegu námi.

Ekki er nóg að segja á tyllidögum að listir séu mikilvægar fyrir atvinnulífið og manneskjuna án þess að gera ráð fyrir að þær séu mikilvægur hluti af skólakerfi okkar. Þjóða þarf upp á fjölbreytt skapandi starf sem byggist á lausnarleit og virkum einstaklingi. Hér er komið inn á enn stærra mál. Til þess að listir verði stærrí hluti



Börn við skuggaleik

af skólustarfi en tíðkast þarf vel menntaða kennara á öllum skólastigum sem hafa reynslu af listsköpun í námi sínu.

Mikilvægt er að staða sérgreinastjóra við leikskóla verði viðurkennd sem staðreynd í starfi leikskólans. Á þann hátt varðveitum við það faglega starf sem hefur verið að þróast í leikskólanum. Sérgreinastjórinn stuðlar að fjölbreytni í starfi leikskólanna og eflir mannauð þeirra. Því miður hafa fjárhagsþrengingar gert þessi metnaðarfullu áform að engu.

**Kristín Hildur Ólafsdóttir**  
Höfundur er sérgreinastjóri myndmennta í leikskólanum Sæborg

## ÁLYKTUN

# Verjum nemendur og menntun fyrir áföllum

FF fundur  
12. mars sl.

**Félag framhaldsskólakennara ályktaði um menntamál á fundi sínum þann 12. mars sl. Í ályktuninni segir meðal annars: Skamm-sýnar ákvarðanir um menntun og skólustarf í landinu geta valdið óbætánlegum skaða. Ungmenni á framhaldsskólaaldri þurfa að geta innritast í nám og lokið því hindrunarlaust. Samfélagið þarf alltaf á fagmennsku kennara að halda - ekki síst núna!**

### Ályktunin í heild:

Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 12. mars 2010 ályktar eftirfarandi:

Fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara gerir sér grein fyrir þeim vanda sem íslenskt samfélag á við að etja og óhjákvæmilegum samdrætti í ríkisútgjöldum. Fundurinn leggur fast að stjórnvöldum að forgangsraða faglega í ríkisfjármálunum til næstu ára með það að markmiði að verja nemendur og menntun fyrir áföllum. Skamm-sýnar ákvarðanir um menntun og skólustarf í landinu geta valdið óbætánlegum skaða. Ungmenni á framhaldsskólaaldri þurfa að geta innritast í nám og lokið því hindrunarlaust. Samfélagið þarf alltaf á fagmennsku kennara að halda - ekki síst núna!

Fundurinn bendir á að mikils aðhalds hefur um árabíl verið gætt í rekstri framhaldsskóla



landsins og vandséð að mikið lengra verði gengið um samdrátt í rekstri þeirra án þess að skera niður þjónustu og innrita færri nemendur í framhaldsskólanám. Fundurinn varar við öllum áformum sem brjóta í bága við jafnræðissjónarmið, landslög um skólustarf eða grundvöll kjarasamninga. Fundurinn minnir á að aðild kennara að stöðugleikasáttmála á vinnumarkaði er háð mikilvægum skilyrðum.

Framhaldsskólum er nú þegar fyrirskipað að afkasta meira fyrir minni fjármuni og einnig bylta sér og breyta í samræmi við ný framhaldsskólalög en gildistökuákvæði þeirra gera ráð fyrir að þau komi að fullu til framkvæmda haustið 2011.



Jafnframt blasir við að ekki verða til fjármunir til að framkvæma mikilvæg umbótaákvæði laganna til að fjölga þeim sem útskrifast með lokapróf úr framhaldsskóla. Löggin útheimta umfangsmiklar breytingar á kjarasamningum kennara sem vart verða gerðar við núverandi aðstæður á vinnumarkaði.

Endurskoða þarf innleiðingu framhaldsskólalaga vegna gjörbreyttra aðstæðna og marka framkvæmdastefnu til næstu ára. Fundurinn krefst þess að menntamálaráðherra geri kennurum og samtökum þeirra tafarlaust skýra grein fyrir forgangsörðun í starfi skólanna og áætlunum um framkvæmd laganna.

# Hugsað og rætt um siðareglur kennara

Um þessar mundir vinna Siðaráð Kennarasambands Íslands og Skólavardan saman að kynningu á siðareglum kennara. Þegar hefur verið birt viðtal um siðferði og hlutverk siðareglna við Atla Harðarson formann Siðaráðs KÍ og grein um siðareglur og fagmennsku, „Skólinn er áhrifafl í samfélagsbreytingum“, eftir Jónas Pálsson fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands. Tilgangurinn með þessari umræðu er að efla vitund kennara um siðareglur sínar og

stuðla að umræðu um þær innan stéttarinnar. Í þessu blaði og öðrum út árið skrifa tveir einstaklingar hverju sinni um efni að eigin vali sem þeim finnst áhugavert að fjalla um í tengslum við siðareglurnar. Núna fengum við Anh-Dao Tran kennslufræðing og Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóra Reykjavíkur til liðs við okkur og kunnum þeim kærar þakkir fyrir góðar móttökur og pistla sem vekja til umhugsunar og vonandi samræðu í kennarahópum.

## Fjölmeningarhyggja og siðareglur kennara

Skýrar reglur og leiðbeinandi lög eru nauðsynleg starfsfólki innan menntakerfisins. Undanfarna tvo áratugi hafa bæði grunn- og framhaldsskólar í vaxandi mæli tekið að endurspeglja fjölþjóðlegt eðli samfélagsins í heild. Þar er nú um að ræða gjfurlaga fjölbreytni. Vangaveltur mínar snúa að því hversu vel menntakerfið mætir þörfum kennara og enn fremur með hvaða hætti þeir eru þjálfaðir eða endurmenntaðir þannig að þeir búi yfir þeim tækjum sem best þjóna nemendum þeirra og renna stoðum undir þau orð sem finna má í lögum þeirra og reglum.

Í nýrri rannsókn Ninu Magnúsdóttur (2009) *Allir vilja eiga íslenska vini* kemur fram að meirihluti nemenda, bæði af erlendum og íslenskum uppruna, á ekki samskipti út fyrir sinn hóp – hvorki á grunn- né framhaldsskólastigi. Heiti rannsóknarinnar *Allir vilja eiga íslenska vini* gefur skýrt til kynna óskastöðu þeirra nemenda sem af erlendu bergi eru brotnir. Auk þess kemur það fram í rannsókn Pórodds Bjarnasonar (2008) að skólabörn innflytjenda séu oft þunglynd, hafi lægra sjálfsmat og séu líklegri til að verða fórnarlömb eineltis. Það eru einnig minni líkur á að þau ráðgeri að ljúka framhaldsskólanámi. Niðurstöður þessara rannsókna vekja mann til umhugsunar um þær leiðir til aðlögunar sem skólarnir fara og hversu áhrifaríkar þær eru í raun.

Skólinn er sá staður þar sem nemendur ættu, í samskiptum sínum við aðra nemendur og kennara, að þjálfast í aðlögunarhæfni, samskiptum ólíkra menningarhópa og skilningi þeirra á milli. Nemendur læra þannig að meta menningu og sögu ólíkra þjóða og þjóðarbrotta. Þessi kennslufræði eru þekkt sem fjölmeningarkennsla (e. multicultural education). Slík menntun veitir öllum nemendum sömu tækifæri til velgengni í námi óháð kyni, trú, skoðunum, upprunabjód, kynstofni, litarafti, félagslegri stöðu eða hverju öðru sem þar gæti komið til greina (Banks, 2007). Kennsla af þessu tagi krefst breytinga af hálfu kennarans og að hann lagi kennsluhætti sína í miklum mæli að fjölbreytni nemendanna svo að þeir geti að fullu tileinkað sér þá þekkingu og hæfni sem sérhvert

námsfag getur veitt þeim (Nieto, 1999). Í henni er beitt ákveðnum kennsluáferðum og náms-efni til að breyta skynjun og hugsun nemenda um fordóma. Áherslubreytingar einskorðast þó ekki við námsefnið heldur er hér um að ræða ahlíða nálgun þar sem allir þættir skólstarfsins eru vandlega skoðaðir: „Flokkun í bekk, starfsmannahald, lesefni, upplýsingatöflur, veitingar í mótuneytum, íþróttastyrkir, heimsend bréf til foreldra og á hvaða tungumáli þau eru rituð í þessu felst að nota reynslu nemenda dag frá degi sem hluta af námskránni“ (Nieto, 2000).

Eru þessi kennsluvísindi ekki eitthvað sem verður að taka tillit til í núverandi menntakerfi okkar svo að siðareglur kennarans geti staðið undir nafni?



Anh-Dao Tran

**Anh-Dao Tran**  
Höfundur er menntunarráðgjafi og doktorsnemi í fjölmeningarfræði.

#### Heimildir

Banks, J. A. (2007). Multicultural education: Characteristics and goals. In J. A. Banks & C. A. Banks (Eds.), *Multicultural education. Issues and perspectives* (6th ed.). New York: John Wiley & Sons.

Nieto, S. (Ed.). (1999). *The Light in Their Eyes - Creating Multicultural Learning Communities*. New York: Teachers College Press.

Nieto, S. (2000). *Affirming diversity: The Sociopolitical Context of Multicultural Education* (3rd ed.). New York: Longman.

Nina V. Magnúsdóttir (2010). "Allir vilja eignast íslenskar vini" Hverjar eru helstu hindranir á vegi erlendra grunn- og framhaldsskólanemenda í íslensku skólakerfi? Reykjavík: Háskólaprent ehf.

Póroddur Bjarnason (2008). Félagsleg staða grunnskólanema af íslenskum og erlendum uppruna. Sótt 20. Mars 2010: [http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/inri/Thoroddur\\_Bjarnason.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/inri/Thoroddur_Bjarnason.pdf)



Ragnar Þorsteinsson

## Persónulegt siðferði og fagleg sjálfsmynd kennara

Menntun er vítt hugtak sem felur í sér að þroska og fræða, styrkja sjálfsmynd nemenda, efla félagsþroska þeirra, gera þá færa um félagsleg samskipti og að sýna öðrum virðingu. Siðfræðin og heimspekin tengjast órjúfanlegum böndum í þessu verkefni og eru hluti af starfi hverrar menntastofnunar. Spyrja má hvornig hin heimspekilega siðfræði tengist uppeldisstarfi skólans. Miklu skiptir að skólinn övi þekkingarleit barna og ekki síður svali þeirri eðlislægu forvitni sem hverju barni er gefin. Börn og unglingar eru sjálfstæðir einstaklingar og eru jafn ólík og þau eru mörg. Mikilvægt verkefni hvers skóla er að efla sjálfstæða hugsun barna og unglunga, styrkja siðferðilega dómgreind hvers og eins og gera nemendur þannig færari um að gera greinarmun á réttu og röngu í siðferðilegri togstreitu lífsins. Hver og einn háir þá glímu af mismiklum þunga í fjölbreytileika mannlífsins. Það er síðan álitamál hvort og í hve ríku mæli skólinn er fær um að byggja upp þennan siðferðilega þroska barna og unglunga. Með markvissri menntun ætti að vera hægt að styrkja siðferðisþroska og sjálfstæða hugsun hvers og eins. Hlutverk kennarans er að kenna nemendum með eins hlutlausum hætti og mögulegt er, feta hina hárfínu línu milli siðaboðskapar og frjálsrar hugsunar nemandans. Það að kenna nemendum góða siði, náungakærleik og virðingu fyrir öðrum verður varla gert án tiltekkinnar innrættingar eða boðskapar í kennslustarfinu. Hún er vandmeðfarin siðfræðikennslan ef ekki felast í henni skilaboð um með hvaða hætti skuli koma fram við náungann. Geta forvarnir gegn einelti náð tilætluðum árangri nema þar komi fram boðskapur um að ekki er heimilt að útiloka aðra í samskiptum, hvort sem er innan skólasamfélagsins eða utan?

Aðgerðir sem stuðla að forvörnum gegn einelti hafa skýran siðferðisboðskap og markmið. Einelti er ekki liðið í skólanum. Það er mikilvægt að börn og unglingar fái skýr skilaboð í þessum efnunum. Hið kristilega siðgæði var eitt aðalviðfangsefni Alþingis þegar ný grunnskólalög voru til umræðu þar haustið 2007. Þar tók Alþingi af skarið um að kristilegur siðaboðskapur skyldi gilda í grunnskólum sem fyrr. Mikilvægt er

að hið leiðbeinandi hlutverk kennarans byggist á lýðræðislegum grunni og hjálpi þannig nemandanum að taka afstöðu og móta sína lífssýn og sjálfsmynd án þess að persónulegar skoðanir kennarans séu þar ráðandi. Hann er þröngur þessi stígur mótunar og leiðbeiningar.

Persónulegt siðferði og skoðanir einstakra kennara sem fram koma utan skólans eru hluti af sjálfsmynd hans sem fagmanns. Það verður að teljast erfitt fyrir kennarann sem fagmann að stíga út úr faglegri sjálfsmynd sinni í opinberri umræðu. Kennarar fyrri tíma voru afdráttarlaus fyrirmynd til orðs og æðis. Hugmyndin um kennarann sem sterka fyrirmynd nemenda sinna hefur í tímans rás breyst yfir í hinn leiðbeinandi kennara. Kennaranum er ætlað styðja við bakið á nemendum sínum sem leita sjálfsmyndar sinnar og siðferðisvitundar. Nemandinn spyr hver er ég? Hann leitar svarsins í flóknum heimi upplýsingafæðisins með aðstoð kennarans. Kennarinn hefur sjaldan verið mikilvægari en nú í heimi óheftra auglýsinga og misvandaðrar umfjöllunar um menn og málefni sem birtast í netheimum. Slík umfjöllun getur verið mjög mótandi um viðhorf, sjálfsmynd og siðferðisvitund barna og unglunga. Hinn leiðbeinandi kennari í upplýsingaheimi þarf að gæta þess að stíga varlega niður í því sem hann setur fram í fjölmiðlum og á opinberum vettvangi.

Tjáningarfrelsi kennarans er mikilvægt í lýðræðislegri umræðu en ábyrgð hans sem fagmanns setur honum skorður. Kennari sem vinnur að því að leiðbeina börnum og unglungum í leit að sjálfsmynd sinni, félags- og siðferðisvitund er ekki óheftur af fagmennsku sinni.

Í mikilvægu og flóknu starfi er nauðsynlegt fyrir sérhvern kennara að þekkja vel þær leiðbeiningar sem settar eru fram í siðareglum stéttarinnar. Siðareglur eru settar til að efla fagmennsku og stuðla að upplýstri umræðu um siðferðileg álitamál sem tengjast starfi kennarans. Allir kennarar ættu að ígrunda vel boðskap þeirra.

**Ragnar Þorsteinsson**  
Höfundur er fræðslustjóri Reykjavíkur.

## Siðareglur kennara

1. Kennarar vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun.
2. Kennurum ber að virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju.
3. Kennurum ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi. Kennarar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða.
4. Kennarar skulu leitast við að skapa góðan starfsanda, réttlátar starfs- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi.
5. Kennarar leitast við að vekja með nemendum sínum virðingu fyrir umhverfi sínu og menningarlegum verðmætum.
6. Kennurum ber að viðhalda starfshæfni sinni, auka hana og fylgjast með nýjungum og umbótum á sviði skólamála.
7. Kennurum ber að hafa samvinnu við forráðamenn eftir þörfum og gæta þess að upplýsingar sem þeir veita forráðamönnum séu áreiðanlegar og réttar.
8. Kennarar skulu virða ákvörðunar- rétt forráðamanna ósjálfráða nemenda og hafa ekki samband um málefni nemanda við sérfræðingna utan viðkomandi skóla, nema slíkt sé óhjákvæmilegt til að tryggja velferð og rétt barnsins.
9. Kennurum ber að gæta trúnaðar við nemendur.
10. Kennurum ber að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi.
11. Kennarar skulu gæta heiðurs og hagsmuna kennarastéttarinnar.
12. Kennurum ber að vinna saman á faglegan hátt, taka þátt í að marka stefnu og móta daglegt starf í skólanum.
13. Kennurum ber að sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.



# Mikilvægi frímínútna



Lífsmynd frá höfundri.

Guðrún Kjartansdóttir

**Nýleg rannsókn gefur til kynna að frímínútur séu jafn mikilvægar barni eins og námsárangur þess, til dæmis í lestri, vísindum og stærðfræði. Einnig sýndi þessi rannsókn að reglulegar frímínútur, hreysti og að vera úti í náttúrunni getur haft áhrif á hegðun, einbeitingu og jafnvel einkunnir. Leiktími og að vera úti í náttúrunni er ekki eingöngu mikilvægt fyrir lærdóm heldur líka fyrir heilsu og þroska (Parker-Pope, 2009).**

Leikur endurnærir okkur ekki vegna þess að hann er frítími heldur vegna þess að hann kemur okkur í samband við okkur sjálf og gleði lífsins (Stuart, 2009).

Áður fyrr var það venjan hjá flestum bandarískum börnum að fara út að leika sér. Núorðið, samkvæmt rannsókn Háskólans í Michigan, verja þau 50% minni tíma úti en þau gerðu fyrir tuttugu árum. Einnig kom í ljós að þau verja 6,5 klukkustundum daglega í rafræna miðla, sem þýðir að í staðinn fyrir að fara út að leika sér er setið fyrir framan skjáinn. (Stuart, 2009).

Í mörgum skólum í Bandaríkjunum hafa frímínútur og önnur líkamleg menntun verið skorin eða felld niður. Þegar börnin byrja á skólum á haustin vilja þau ákaft vera með vinum sínum sem þau hafa ekki hitt allt sumarið, en tilfinningin

er sú að leiktíminn sé liðinn. Þó að sumarið leysi börn ekki að fullu undan ofurskipulögðu lífi með tilheyrandi síma, tölvu, sjónvarpi og tölvuleikjum þá býður það upp á frjálsan tíma sem leiðir til líkamlegrar virkni, vals og leikja sem börnin skipuleggja sjálf. En það er samt ekki nóg. Þessi tími ætti ekki einungis að vera á sumrin heldur allt árið um kring (Stuart, 2009). Margir klukkutímar fyrir framan tölvuna eða við að læra fyrir próf þreytir fólk. Að nota tímann úti í náttúrunni virðist hins vegar virkja ósjálfráða athygli og gefur heilanum tíma til þess að hvíla sig (Parker-Pope, 2009).

Bara klukkustund af þróttmiklum leik daglega á borð við að hlaupa, fara í eltingaleik eða skotbolta getur veitt mikla færni í námi. Vitað er að líkamleg virkni minnkar einkenni ringulreiðar og dregur úr offitu barna. Virk börn skila betri námsárangri í lengri tíma (Stuart, 2009).

Vísbendingar eru um sterk tengsl milli skorts á leik og lélegar heilsu og félagslegrar vanhæfni. Hér er um að ræða tengsl, sem getið hefur verið um í rannsóknum, milli skamms tíma sem börn verja til leikja með öðrum og eftirtaldrá þátta: tölfraðilegra upplýsinga um offitu, þess að 4,5 milljónir barna eru greind með athyglisbrest á ári hverju í heiminum, að þunglyndum börnum fjölga, sömuleiðis hegðunarvandamálum í bekk sem fela í sér ofbeldi og loks vanhæfni til að eiga í samskiptum við jafningja (Stuart, 2009).

Í rannsókn sem sagt er frá í tímaritinu *Pediatrics* var rannsökuð lengd frímínútna annars vegar og hegðun barna í bekkjum hins vegar. Um 11.000 börn á aldrinum átta og níu ára tóku þátt í rannsókninni. Þau börn sem fengu meira en fimmtán mínútna frímínútur á dag sýndu betri hegðun í bekknum en þau sem fengu styttri eða engar frímínútur.

Aðalrannsakandinn, dr. Romina Barros barnalæknir í New York, sagði þessar niðurstöður mjög mikilvægar vegna þess að í mörgum skólum væri ekki litið á frímínútur sem grundvallaratriði

í menntun. Að mati Barros þarf stundum að prenta og birta niðurstöður til að fá fólk sem starfar á sviði menntunar til þess að gefa málum gaum. Það þarf að koma þeim skilaboðum áleiðis að **börn þurfa þetta hlé meðal annars af því að heilinn þarfnast þess**. Mörg börn fá engar frímínútur. Ein rannsókn sýndi að 30% fengu litlar eða engar frímínútur daglega.

Kennarar refsar börnum oft með því að taka af þeim frímínútur. Barros segir að það sé óskynsamlegt, frímínútur eigi að vera partur af námskránni. Maður refsar ekki barni með því að láta það missa af stærðfræðitíma, það ætti ekki heldur að refsar börnum með því að taka af þeim frímínútur (Parker-Pope, 2009).

Andrea Faber Taylor, sem rannsakar umhverfi barna og hegðun þeirra í Illinois, segir rannsóknir leiða í ljós að öll börn, ekki bara þau sem glíma við athyglisvandamál, geti haft hag af því að verja tíma úti í náttúrunni á skólatíma (Parker-Pope, 2009).

Geðlæknirinn Stuart Brown frá Kaliforníu hefur safnað saman meira en sex þúsund frásögnum um leik frá fólki víðsvegar að. Hann hefur meðal annars eftir kennurum að þeim finnist þeir vera undir of miklum þrýstingi að láta nemendur ná akademískum árangri til þess að geta boðið upp á mikla skemmtun í bekkjunum. En fjórlegar námsstundir leiða til mjög góðs námsárangurs að sögn Brown (Parker-Pope, 2009).

**Guðrún Kjartansdóttir**  
Höfundur er uppeldis- og menntunarfæðinemi.

#### Heimildir

Parker-Pope, Tara. (2009). Recess To The Rescue; Studies show that kids encouraged to play, especially outside, are excelling in class [rafræn útgáfa]. National Post.

Brown Stuart. (2009). Let the children play. International Herald Tribune.



**Heimili og skóli**  
Landssamtök foreldra

## Heimili og skóli óska eftir tilnefningum til Foreldraverðlaunanna 2010

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla –  
landssamtaka foreldra  
verða veitt fimmtudaginn 3. júní 2010.

Leitað er eftir tilnefningum um einstaklinga,  
félög, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög eða  
skóla á leik,- grunn- og framhaldsskólastigi.

Tilnefningar sendist á rafrænan hátt með  
því að fylla út eyðublað á  
[www.heimillogskoli.is](http://www.heimillogskoli.is) .  
Síðasti skiladagur tilnefninga er  
10. maí 2010



### Outdoor Education course in Bergen, Norway - A course for teachers in primary schools in Iceland

Bergen University College welcomes you to a course in Outdoor Education in Bergen and its surrounding areas! The purpose of the course is to introduce you to Outdoor Education, to give you some ideas on how to practise it primarily in primary schools, and to provide some skills in certain aspects of Outdoor education.

**Bergen June 7th to 11th 2010.**

See [www.hib.no/aktuelt/konferanse](http://www.hib.no/aktuelt/konferanse) for more information,  
or contact Karstein Erstad on [ker@hib.no](mailto:ker@hib.no)

#### Registration

Participation fee is NOK 10 500,- These total costs include everything from monday to friday. Travel expenses not included.

**Sign up by 06.04.10.**



HØGSKOLEN I BERGEN

Hlý og falleg ullarföt  
á alla fjölskylduna



**Janusbúðin**

[www.janus.no](http://www.janus.no)

Laugavegi 25  
101 Reykjavík  
s. 552-7499

Hafnarstræti 99-101,  
600 Akureyri  
s. 461-3006



**ALBA**  
Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur



Í miðri Reykjavík

■ [www.alba.is](http://www.alba.is)

Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík

[stay@alba.is](mailto:stay@alba.is) • Sími 552 9800

## Lyftum starfsandanum!

Störf kennara og stjórnenda í skólum eru margvísleg og fjölbreytt en jafnframt krefjandi. Í slíku starfsumhverfi skiptir miklu máli að starfsmannahópurinn takist í sameiningu á við dagleg störf og að jákvæðni sé ríkjandi. Til að auka samheldni og bæta samskipti fólks á vinnustaðnum er mikilvægt að gera sér annað slagíð dagamun og njóta þess að kynnst samstarfsfólki sínu betur og eiga með því skemmtilega stund.

Vinumhverfisnefnd (VUN) kannaði í lok síðustu annar meðal félagsmanna KÍ hvað þeir gera saman til að lyfta starfsandanum á vinnustaðnum. Könnunin var á rafrænu formi og alls bárust 2.245 svör. Það jafngildir því að rúm 19% félagsmanna KÍ hafi svarað könnuninni. Spurt var um aðildarfélag innan KÍ og hvað fólk geri til að lyfta starfsandanum á vinnustaðnum. Hér fyrir neðan eru niðurstöður könnunarinnar.



Í spurningunni um hvað fólk geri til að lyfta starfsandanum var settur fram listi með nokkrum hugmyndum og hægt var að haka við fleiri en einn möguleika.

Hvað gerir þú skemmtilegt á þínum vinnustað?  
(Mérít var við allt sem við átti)

Höfum gott með kaffinu annað slagíð - starfsfólk skiptist á að koma með eitthvert göggti	1.511	68%
Borðað saman á vinnustaðnum, í heimahúsi eða á veitingastað	1.452	65%
Vinuvika	1.361	61%
Afsláttur	1.343	60%
Övissuferðir	1.201	54%
Fúrúfatadagur/hattadagur o.s.frv.	1.072	48%
Áskemmtun/jólafundur	1.036	47%
Handvinnuklúbbar (þróna, fíndra, líta, hekla, sauma o.s.frv.)	838	38%
Fræðslufundur með utanákomandi gestum	790	36%
Bló- og/edla leikhúsfærðir	623	28%
Fjallganga	540	24%
Göngu-, stólk- eða háspahópar	499	22%
Gönguferðir um nágrenni skólans	352	16%
Mínafélagar uppákomur tilþinglaðar af starfsmönnum	325	15%
Þróttæfingar (t.d. í þróttaskóla)	283	13%
Spilakvöld	277	12%
Útivistarferðir m. fjölskyldumeðlimum	260	12%
Borðavíska	249	11%
Leikhingir/bókaklúbbar	227	10%
Hrekkjavika	171	8%
Hánujóna	65	3%
Sveðslappavíska	56	3%
Annað?	463	21%

Í lok listans var boðið upp á möguleikann „annað“ og þar var hægt að skrifa aðra þætti. 463 svör bárust undir þeim lið og hér koma nokkur dæmi um það helsta.

Dæmi um atriði undir löðnum „annað“:

Árshátíðir
Leynivína-/brós-/þrósvikur
Keila
Kaffihúsa- og öldurhúsaferðir
Vorferðir
Konfektgerð
Partý og októberfest
Jóna
Kórastarf
Baka kleinur, sönur, laufabraud, gera smørrebrød, slátur

Ýmsar skemmtilegar hugmyndir undir löðnum „annað“:

Mordringaleikur (Murder mystery)
Líttvínspottur
Skjót um sæti í matsalnum
Skrifstofuleikar - keppt í ýmsum heimatilbúnum greinum
Sultukeppni
Rugldagur - allir draga starf úr potti
Hrekkjuvínavika
„Gyrtofanidagur“ - allir gyrða ofan í buxurnar
Getraunaklúbbar
Útúfatadagur
Skorað á annan skóla í t.d. keilu
Útbúin matreiðslubók með uppskrift frá öllum kennurum

Vinumhverfisnefnd vonar að þessi stutta könnun hafi vakið áhuga einhverra kennara og stjórnenda á að efla liðsandanum á sínum vinnustað og niðurstöður hennar komi á framfæri hugmyndum að tilbreytingu og skemmtilegri samveru á vinnustaðnum.

## Að vaxa í starfi

Félag um starfendarannsóknir og Félag áhugafólks um skólaþróun standa fyrir ráðstefnu um starfendarannsóknir **föstudaginn 16. apríl kl. 14:00-17:00.** Ráðstefnan verður haldin í **Verslunarskóla Íslands.** Þar munu kennarar af öllum skólastigum kynna rannsóknir sínar og síðan verða umræður í hópum um starfendarannsóknir.

### DAGSKRÁ

**Kl. 14:00 Setning ráðstefnustjóra** Þorkell Diego, yfirkennari Verslunarskóla Íslands

**Kl. 14:05 Hvað eru starfendarannsóknir?** Hafþór Guðjónsson, dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands

**Kl. 14:20 Samfélag jafningja** Svava Björg Mörk leikskólustjóri Bjarna

**Kl. 14:40 Spinnum þráðinn saman, foreldrar og kennarar** Erna Ingvarsdóttir, deildarstjóri, Grunnskólinn í Hveragerði

**Kl. 15:00 „Það er ekki röddin sem svarar, það er bara fingrasetningin“** Ívar Rafn Jónsson, sálfræðikennari, Borgarholtsskóla

**Kl. 15:20 Heyrandi íslenskukennari í leit að lestrar- og ritunaraðilindum heyrnarlauða nemenda** Karen Rut Gísladóttir, doktorsnemi við menntavísindasvið Háskóla Íslands

**Kl. 15:40 Kaffihlé**

**Kl. 15:50 Umræður í hópum**

**Kl. 16:40 Ráðstefnulok**

**Kl. 16:40 Aðalfundur Félags um starfendarannsóknir** Hjördís Þorgeirsdóttir, konkrert Menntaskólans við Sund, stýrri fundi

Aðgangur er ókeypis. Skráning á [www.skolathroun.is](http://www.skolathroun.is) fyrir 13. apríl.

## ÁRSFUNDUR KENNASAMBANDS ÍSLANDS ER 16. APRÍL.

Fylgist með á [www.ki.is](http://www.ki.is)

## VEGNA FJÖLDA FYRIRSPURNA...

Lausnin á jólamyndagátunni: Góður kennari er eins og kerti: Brennur upp til að lýsa öðrum.



# Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara minnir á

Fjölbreytt framboð sumarnámskeiða.

Umsóknarfrest um styrki sem er 30. apríl og 31. október ár hvert.

Nánari upplýsingar á [endurmenntun.is](http://endurmenntun.is) og í síma 525 4444

## SEF

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara



# Viltu óskipta athygli?

**Fullkomin tækni fyrir fundi, kynningar og menntastofnanir**

Flókið gert einfalt | SMART™

 **Varmás**  
varmas.is

**SMART hugbúnaður nú á íslensku**



# Gagnvirk námstæki auka virkni nemenda og þykja meðal annars gefast vel í sérkennslu

Margt bendir til að notkun gagnvirkra taflna auki virkni nemenda sem ella láta minna að sér kveða en samnemendur. Ýmsir nýmiðlar gefast oft vel til slíkrar eflingar, til að mynda hefur **Sæmundur Helgason** formaður Samtaka móðurmálskennara og kennari í Langholtsskóla prófað að bjóða upp á verkefnaskil á myndbandsformi og fengið með því nemendur til þátttöku sem áður sátu gjarnan hjá í lengri textaverkefnum. Í nýju þróunarverkefni, „Gagnvirka taflan“, á Jótlandi eru kannaðir möguleikar slíkra taflna í sérkennslu umfram gömlu kítartöflunum og mikið magn af pappír sem er algengur fylgifyrirkenni náms og kennslu. Með notkun töflunnar geta nemendur lært með stuðningi af hljóði og mynd ásamt því að sýna hvað þeir hafa lært með myndböndum eða hljóðupptökum. „Margir nemenda okkar eiga erfitt með að fá yfirsýn andspænis blaðabunkunum,“ segir skólaráðgjafinn **Marie Hultberg** sem er verkefnisstjóri þróunarverkefnisins. „Með gagnvirkum töflunni getur kennarinn til dæmis geymt kennslustundina í tölvunni og nemendur sótt sér hana síðar og ígrundað það sem var á töflunni.

Útbreiðsla gagnvirkra námstækja eykst jafnt



Gagnvirkt gólf örvar skynjun og hvetur til hreyfingar.

Ljósmynd af veit.

og þétt enda renna æ fleiri rannsóknir stöðum undir gagnsemi þeirra í að vekja áhuga nemenda. Margir íslenskir kennarar þekkja til dæmis Smart töflurnar (gagnvirkar töflur) en einnig eru til Smart borð, en þá er námsumhverfið eins og borðplata í stað þess að vera lóðrétt á töflu. Þetta tvennt er einungis brot af því sem í boði er (til dæmis er hægt að fá námstæki sem tala við nemendur) en fyrir þá sem vilja fylgjast með og taka þátt í umræðu

um gagnvirk námstæki í sérkennslu má til dæmis benda á blogg Kate Ahern, [teachinglearnerswithmultipleneeds.blogspot.com/](http://teachinglearnerswithmultipleneeds.blogspot.com/) Par hefur hún safnað saman miklum fjölda tengla auk þess að blogga reglulega og fylgjast grannt með á þessum vettvangi. Sigurður Fjalal Jónsson kennari í FB segir frá bloggi Kate en hann heldur úti síðunni [sfjalal.net](http://sfjalal.net) um upplýsingatækni í námi og kennslu.

keg

## „Pedagogista“ nám hjá Endurmenntun Háskóla Íslands

**Endurmenntun Háskóla Íslands og Samtök áhugafólks um starf í anda Reggio Emilia (SARE), hafa í samstarfi við Reggio Emilia Institutet í Stokkhólmi tekið höndum saman um að bjóða upp á sérstakt „pedagogistu“ nám á Íslandi.**

Pedagogista er einn af faglegum leiðtogum í skólastarfi í norður-ítlenska bænum Reggio Emilia en þar hafa leikskólar áralanga reynslu af slíku starfi. Pedagogista staða við leikskóla er hluti af hinna þekktu Reggio Emilia hugmyndafræði.

Margir íslenskir leikskólakennarar, eins og kollegar þeirra í Svíþjóð og víðar, hafa í allnokkur ár litið í átt til og unnið í anda hugmyndafræði leikskólanna í Reggio Emilia. Á það bæði við um starfsaðferðir og hugmyndafræðina sjálfa. Til að það starf sem nú þegar er í gangi í mörgum íslenskum leikskólum fái tækifæri til að þróast og eflast er hér boðið upp á nám þar sem leikskólakennarar, grunnskólakennarar, ráðgjafar og verkefnisstjórar geta útskrifast sem pedagogista.

### Markmið

Markmiðið með náminu er að þróa skólastarf sem byggist á lýðræðislegum gildum með þátttöku hæfileikaríkra samfélagsþegna; barna, for-eldra og kennara sem vinna saman að rannsóknnum.

### Námið skiptist í þrjú þætti:

- Nemendur vinna saman að því að finna þann menntunarlega og hugmyndafræðilega grunn sem hið nýja eða útvíkkaða hlutverk, sem þeir eru að fara að takast á við, mun standa á.
- Læra að þekkja þau verkfæri, bæði hugmyndafræðileg sem og hagnýt, sem eru nauðsynleg til að skilgreina nýtt eða útvíkkað hlutverk nemenda.
- Í gegnum umræður, verkefni og með því að hlusta á fyrirlestra sem byggjast á reynslu annarra munu nemendur og kennarar skapa saman þá leið sem getur komið að gagni í nýju, breyttu hlutverki nemenda að námi loknu.

### Fyrir hverja?

Námið er ætlað leik- eða grunnskólakennurum sem vilja takast á við nýtt verkefni, stjórnendum sem vilja dýpka þekkingu sína sem faglegir leiðtogar svo og verkefnisstjórum og ráðgjöfum sem vilja víkka út og þróa starfssvið sitt.

### Inntökuskilyrði

- B.Ed., B.S., B.A. gráða eða sambærileg menntun.
- Tveggja ára starfsreynsla við leik- eða grunnskóla.



### Með umsókn þarf að fylgja:

- Náms- og starfsferilskrá.
- Prófskírteini.
- Stutt greinargerð þar sem fram kemur á hvaða hátt umsækjandi hyggst nýta sér námið og hvaða þýðingu það hefur fyrir þá stofnun eða skóla sem umsækjandi starfar við.

Námið er kennt á tveimur misserum, haustmisseri 2010 og vormisseri 2011. Kennslan fer fram í átta lotum og stendur hver lota yfir í 2 – 3 heila daga. Kennsludagar eru 19 talsins.

Allar nánari upplýsingar eru hjá Endurmenntun HÍ, [endurmenntun@endurmenntun.is](mailto:endurmenntun@endurmenntun.is), s. 5254444.

Umsóknarfrestur um námið er til 1. júní.

[1] Í leikskólum Reggio Emilia er pedagogista hluti af átta manna hópi kennara og sálfræðinga sem halda utan um faglegt starf í fjórum til fimm leikskólum. Pedagogista er tengill milli leikskóla og stjórnkerfis, í Reggio Emilia eru engir leikskólastjórar. Í Svíþjóð þar sem flestar pedagogistar eru starfandi fyrir utan Reggio Emilia eru þær hluti af starfsmanna- og stjórnunarhópum mjög margra leikskóla. Hver pedagogista hefur oft fimm til sjö leikskóla í sinni umsjá, hlutverk hennar er í öllum tilfellum að auka faglega umræðu innan leikskólasamfélagsins og gera starf barnanna sýnilegt. Eitt af aðal verkfærum pedagogistu er uppeldisfræðilegar skráningar.

## Sameiginlegir trúnaðarmannafundir allra aðildarfélaga KÍ í mars 2010

Kennarasamband Íslands stóð fyrir fundum með trúnaðarmönnum í öllum aðildarfélögum dagana 9. til 18. mars sl. Haldnir voru alls þrettán fundir víða um land og á flestum stöðum var mæting með miklum ágætum, minnst hlutfallsleg þátttaka var á höfðuðborgarsvæðinu. Á fundunum var meðal annars fjallað um starfskjör kennara á Íslandi og í OECD ríkjunum, hlutverk KÍ og trúnaðarmanna, launagreiningu, kjarasamningaumhverfið og mikilvægi skóla á þrengingatímum. Í lok funda gafst þátttakendum tækifæri á að skila inn matsblaði. Á [www.ki.is](http://www.ki.is) verður sett inn efni frá fundunum: Glæsur, umræða reifuð og mat trúnaðarmanna á fundunum.

keg



### Nýja KÍ er tíu ára



- KÍ hefur starfað í um áratug og byggir á grunni ýmissa samtaka kennara og skólustjórnenda sem voru í gegnum árin saman í kennarafélögum af því að þeir störfuðu á sama skólastigi, sinntu skólustjórnun eða höfðu svipaða menntun
- Síðasti áfanginn var sameining kennara, námsráðgjafa og skólustjórnenda í leikskólum, tónlistarskólum, grunnskólum og framhaldsskólum í KÍ sem tók til starfa árið 2000
- Kennarar eru í samtökum til þess að halda sameiginlega utan um kjaramál sín og réttindi og vinna saman á félagslegum grunni, en einnig til þess að vera stefnumótendur um skólamál og menntun og til þess að vinna að hag og velferð nemenda

### Aðildarfélögin

FG FF FL FT SÍ FS FÖE NÍ og FSL, NÖ 1. maí

- Félag framhaldsskólakennara (FF) – 1841
- Félag grunnskólakennara (FG) – 4692
- Félag leikskólakennara (FL) – 2441/1891 e. 1. maí
- Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS) – 53
- Félag stjórnenda leikskóla (frá 1. maí nk.) – 550
- Skólustjórafélag Íslands (SÍ) – 578
- Félag tónlistarskólakennara (FT) – 548
- Félag kennara á eftirlaunum (FKE fyrir alla) – 1426

### Lögbundið samstarf félaganna



- Í stjórn KÍ (1 – 3 frá hverju félagi)
- Í kjararáði KÍ (2 frá hverju félagi)
- Í framkvæmdastjórn skólamálaráðs (1 frá hverju félagi)
- Þing og ársfundur KÍ, reglulegir fundir í skólamálaráði og kjaramálaráðstefnur eftir þörfum

FRÉTTIR FRÁ SKÓLAVEFNUM

[www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is)

## Um stuðningssíðu fyrir nemendur með lesraskanir og Táknmálstengilinn

Skólavefurinn kynnir með stolti til sögunnar aukna þjónustu við nemendur sem eiga við lesraskanir að stríða. Við höfum sett upp sérstaka síðu þar sem við tinum til efni af Skólavefnum sem hentar þessum einstaklingum sérlega vel. Hér er um að ræða efni með upplestri, myndböndum, stækkanlegu lettri eða myndrænni framsetningu. Við munum halda áfram setja tengla á slíkt efni inn á þessa síðu auk þess sem við munum setja þar inn fræðslufni og upplýsingar um lesraskanir. Hugmyndin að þessari síðu varð til þegar grunnskóli einn bað um kynningu á Skólavefnum til að kynna fyrir foreldrum lesblindra nemenda í skólanum. Við höfum, út frá umsögnum foreldra lesblindra nemenda og

kennurum, lengi vitað að Skólavefurinn nýttist þeim mjög vel heima fyrir og hafa miðstöðvar eins og Lesblindusetrið mælt með Skólavefnum fyrir skjólstæðinga sína. Við erum því ánægð að geta aukið þjónustuna við þennan hóp. Allir tenglarnir á síðunni vísa á efni á Skólavefnum og er þetta í raun gátt fyrir nemendur með lesraskanir að Skólavefnum. Auðvitað eiga þessir nemendur við mismunandi og misalvarlega lestrarörðugleika að stríða og ekki hentar það sama öllum en von okkar er að þessi síða nýttist sem flestum. Við vonum virkilega að þetta framtak muni reynast þessum hópi vel. Foreldrar þessara nemenda taka því oftast fagnandi að fá upplýsingar um þá námsaðstoð sem í

boði er og hvetjum við kennara til þess að koma upplýsingum um þessa síðu á framfæri við þá. Einnig er vert að minnast á Táknmálstengilinn á Skólavefnum en þar er að finna fræðslu, tákna-banka, tengla og myndbandskenntu í tákn-máli. Táknmálstengillinn er lokaverkefni Soffíu Ámundadóttur til B.Ed. prófs í grunnskóla-kennarafræðum frá Háskóla Íslands. Lokaverkefnið var unnið undir handleiðslu Torfa Hjartarsonar lektors í kennslufræðum og upplýsinga-tækni við HÍ.

Með bestu kveðju, Páll Guðbrandsson hjá Skólavefnum

# Hreyfiátak í Garðaseli

**Umræður spunnust í leikskólanum Garðaseli á Akranesi um hvort ástæða væri til að bjóða þeim fjögurra ára börnum sem glíma við slaka grófhreyfifærni upp á viðbótarhreyfingu. Börnum með slakan málþroska, slaka fínhreyfifærni eða slaka hljóðkerfisvitund hefur staðið til boða að fara í átakshópa en það sama hafði ekki gilt um þá sem voru eftirbátar jafnaldra í grófhreyfifærni. Hugmyndin var því sú að kanna hvort einhver börn væru það slök í hreyfingu að þau þyrftu að fá sérstaka eflingu á því sviði.**

Garðasel er heilsuleikskóli og þar hefur hreyfing, næring og listsköpun verið sett í forgrunn ásamt því að lögð er áhersla á gæði í samskiptum. Þau börn sem stunda nám í heilsuleikskólum eiga öll heilsubók þar sem upplýsingar eru færðar inn tvisvar á ári um heilsufar, hreyfifærni, úthald, hæð og þyngd, næringu og svefn, lífsleikni og færni í listsköpun. Lögð er áhersla á öflugt hreyfinám sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifa þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim. Markmiðið er að efla alhliða þroska barnsins, líkamsvitund og trú á eigin getu, sem leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem treystir vínáttubönd. Spurningin var hvort nóg væri að líta til heilsubókarinnar og finna þannig þau börn sem þyrftu á hreyfiátaki að halda eða hvort ætti að leggja staðlað hreyfifærniþróf fyrir börnin. Eftir að hafa rætt þessi mál við Sigríði Kr. Gísladóttur iðjubjálfa sem starfar hjá heilsugæslu SHA og Sérfræðiþjónustu Akranesskaupstaðar var ákveðið að fara af stað með samvinnuverkefni.

Áður en lagt var upp í þessa vegferð voru sett niður markmið, leiðir og endurmat tímasett.

**Það er mat okkar sem þátt tókum í þessu samvinnuverkefni að það sé ekki nauðsynlegt að prófa hreyfiproska allra barna heldur nægi að skoða færni þeirra sem grunur leikur á að séu eftirbátar jafnaldra.**

Samið var um ýmis praktísk atriði, svo sem kostnað sem fylgdi verkefninu, ákveðið hver fylgdi því eftir og hvernig best væri að haga skilum á niðurstöðum til foreldra.

Ákveðið var að nota hreyfiprófið M-ABC-2 (Movement Assessment Battery for Children-2), sem er staðlað hreyfiproskaþróf ætlað þriggja til sextán ára börnum. Það tekur til samhæfingar, fínhreyfinga og fingrafimi, samhæfingar sjónar og hreyfinga auk jafnvægis í kyrrstöðu og á hreyfingu en viðmið eru bresk/bandarísk. Kostir þessa prófs eru að það er mjög myndrænt og fyrirlögn tekur stutta stund, eða 20-30 mínútur. Færni barnanna, sem öll eru fædd árið 2004, yrði metin og ákveðið að þau börn sem mældust undir 16. hundraðsröð færu í hreyfistund þrisvar sinnum í viku næstu þrjú mánuði. Að þeim tíma liðnum yrði færni barnanna könnuð á ný með sama matstæki.

Útbúinn var upplýsingabæklingur til foreldra auk eyðublaðs þar sem þeir gáfu samþykki sitt fyrir því að prófið yrði lagt fyrir barn þeirra. Í bæklingnum voru foreldrar meðal annars hvattir til að virkja börn sín til að taka aukinn þátt í ýmsum daglegum viðfangsefnum sem ýta undir hreyfifærni, svo sem að klæða sig, taka þátt í heimilisstörfum, fara í gönguferðir og sund og nýta önnur tækifæri í umhverfinu.

Foreldrar fengu upplýsingar um verkefnið í

janúar 2009 og þá þegar var hafist handa við að leggja prófið fyrir. Sigríður iðjubjálfi sá alfarið um prófun, sem fór fram í leikskólanum, en þrjá dagshluta tók að leggja M-ABC -2 fyrir börnin. Áður en Sigríður skilaði inn niðurstöðum úr prófinu bað hún starfsfólk deildarinnar að skrá á blað þau börn sem það taldi líkleg til að vera með slaka færni í fínhreyfingum annars vegar og grófhreyfingum hins vegar. Þetta var gert til þess að bera faglegt mat leikskólakennara á stöðu barnanna saman við niðurstöður úr prófinu.

## Niðurstöður og framkvæmd

Niðurstöður úr prófinu voru þær að af þeim 26 börnum sem þátt tóku reyndust þrjú þeirra með færni fyrir neðan 16. hundraðsröð eða um 11,5%, sjá töflu 1. Þetta var að mestu í góðu samræmi við faglegt mat leikskólakennara. Þeim sem viku frá í hreyfiproska var boðið að fara aukalega í skipulagða hreyfingu tvisvar sinnum í viku auk þess sem þau héldu áfram að fara í vikulega hreyfistund með deildinni sinni. Ástæða þótti til að bjóða einu barni í viðbót að taka þátt í þessum tímum. Heildarframmistaða þess barns mældist í 16. hundraðsröð auk þess sem það glímdi við viðtækari þroskafrávik. Tímarnir voru þannig samansettir að einn tími var hefðbundin hreyfistund í leikskólanum með allri deildinni, annar tími var einnig í leikskólanum en einungis



Hoppað fram af borði í hreyfistund



Jafnvægisæfing



Sigríður Gísladóttir og Ingunn Sveinsdóttir með börnum inn í hreyfisalnum.

fyrir þennan hóp. Þriðji tíminn var í íþróttahúsi með allri deildinni og auka starfsmaður var til þess að fylgja þessum hópi eftir og hvetja þau áfram.

Nokkurn tíma tók að koma börnunum af stað í hreyfiátakinu en eftir því sem leið á tímann urðu þau virkari. Tímarnir þar sem þau voru í fámennum hópi nýttust sérstaklega vel til þess að hvetja þau áfram og fá þau til að reyna sig við nýjar áskoranir, þora að gera mistök og læra að æfingin skapar meistaran. Þegar þau voru í stóra íþróttasalnum höfðu þau tilhneigingu til að koma sér undan erfiðari hlutum og þurfti að hvetja þau til að spreyta sig. Í heildina voru þetta ánægjulegar stundir og þau virtust hafa gaman af.

Niðurstöður endurmats sýndu að misjafnt var hversu miklar framfarir höfðu orðið á frammistöðu barnanna. Samhæfing og boltafærni hafði batnað hjá öllum í hópnum og jafnvægi styrkst. Trú þeirra á eigin getu og áræði hafði aukist til muna. Minni framfarir höfðu orðið í handbeitingu og fingrafimi, enda ekki sérstök áhersla lögð á að efla þá færni á tímabilinu. Frammistaða þess barns sem tók mestum mælanlegum framförum gæti skýrst að hluta til af mismunandi dagsformi, en greinilegt var að með aukinni trú á eigin færni dró úr óæskilegri hegðun við þessar aðstæður.

#### Vangaveltur að verkefninu loknu

Að loknu þessu tilraunaverkefni teljum við að ýmislegt megi gera enn betur. Til dæmis þarf að kynna hreyfiþrófið betur fyrir foreldrum. Einnig væri gott ef sá sem leggur það fyrir börnin kynnti niðurstöður beint fyrir foreldrum barna sem talin eru þurfa sérstakt áttak til að ýta undir hreyfiþærni þeirra. Við endurmat þarf að hitta foreldra aftur og einnig lykilstarfsmenn á deild, þar sem farið er yfir hvort eitthvað hafi breyst í þátttöku og færni barns og hvað skuli gera í framhaldinu.

Skerpa má á ábendingum til foreldra um það sem þeir geta gert heima til þess að efla hreyfiþærni barna sinna. Hugmyndir um slíkt voru víðarar í kynningarbæklingi en það virtist ekki vera nóg. Hugsanlega væri hægt að nýta fleiri leiðir til að hnykkja á þeim ótal tækifærum sem er að finna í umhverfi barna. Til dæmis mætti

Tafla 1: Frammistaða barnanna á Movement ABC-2 hreyfiþrófi

Aldur í árum og mánuðum	Kyn	Handbeiting		Boltafærni		Jafnvægi		Heildarskor	
		Mælitala hundraðsröð	og	Mælitala hundraðsröð	og	Mælitala hundraðsröð	og	Mælitala hundraðsröð	og
4;1-4;5	kvk	9	37.	9	37.	11	63.	10	50.
	kk	9	37.	8	25.	8	25.	8	25.
	kk	9	37.	8	25.	14	91.	9	37.
	kk	9	37.	9	37.	8	25.	8	25.
	kvk	7	16.	8	25.	8	25.	7	16.*
	kvk	12	75.	6	9.	11	63.	10	50.
	kk	9	37.	13	84.	11	63.	12	84.
	kk	8	25.	8	25.	10	50.	8	25.
	kvk	10	50.	16	98.	15	95.	15	98.
	kk	12	75.	12	75.	14	91.	13	84.
	kvk	8	25.	10	50.	8	25.	8	25.
	kk	12	75.	9.	37.	6	9.	9.	37.
kvk	11	63.	9	37.	11	63.	11	63.	
kvk	11	63.	8	25.	16	98.	11	63.	
4:6-5:0	kk	6	9.	14	91.	11	63.	10	50.
	kvk	11	63.	10	50.	10	50.	11	63.
	kvk	8	25.	5	5.	8	25.	6	9.*
	kvk	9	37.	12	75.	8	25.	9	37.
	kk	11	63.	12	75.	15	95.	13	84.
	kk	11	63.	14	91.	8	25.	11	63.
	kvk	9	37.	11	63.	15	95.	11	63.
	kvk	12	75.	9	37.	16	98.	13	84.
	kvk	12	75.	15	95.	11.	63.	14	91.
	kvk	10	50.	10	50.	14	91.	12	75.
	kk	6	9.	8	25.	5	5.	5	5.*
	kvk	6	9.	5	5.	3	2.	4	2.*

\* Miðað var við að frammistaða um eða undir 15. hundraðsröð væri viðmið fyrir þátttöku í átakshópi.



Útisvæðið í leikskólanum býður upp á fjölbreytta hreyfingu

vera með heilsu- og hreyfimola á heimasíðu leikskólanna. Áhugavert væri að kanna hversu margir í hópnum stunda íþróttaskóla barnanna, æfa fótbolta eða aðrar íþróttir.

Það er mat okkar sem þátt tókum í þessu samvinnuverkefni að ekki sé nauðsynlegt að prófa hreyfiþroska allra barna heldur nægi að skoða færni þeirra sem grunur leikur á að séu eftirbátar jafnaldra. Nú er verið að endurskoða þætti í heilsubók barnanna, þar á meðal þann sem lítur að hreyfingu. Með þeim umbótum ætti að vera hægt á markvissari hátt að finna þau börn sem vísbendingar eru um að sýni frávik í hreyfiþærni. Einnig hafa formleg skimunartæki verið tekin inn í lykildursskoðun heilsugæslunnar, en þar er annars vegar um að ræða mat foreldra á þroskastöðu og hegðun barns (PEDS) og hins vegar skimun á þroskatengdum þáttum (Brigance ESPII & PSII). Þar er þættir sem lúta að fin- og grófhreyfiþærni. Þeim börnum sem grunur vaknar

um að fylgi ekki jafnöldum í hreyfiþroska að mati leikskóla og/eða heilsugæslu væri vísað í formlegt hreyfiþroskapróf og í kjölfar þess væru sett markmið og fundar leiðir til að ýta undir færni barnsins allt eftir því hvað hentar hverju sinni.

#### Ingunn Sveinsdóttir leikskólakennari og Sigríður Kristín Gísladóttir iðjupjálfi

##### Heimildir:

*Heilsubók barnsins. 2. útgáfa 2004.* Kópavogur: Heilsuleikskólinn Urðarhóll

Henderson, S.H. og Sugden, D.A. (2007). *Movement Assessment Battery for Children (M ABC-II) (2. útg.)*. Pearson Education Ltd.

Glascoe FP. (2009). *PEDS, Mat foreldra á þroska barna*. Reykjavík: Námsmatsstofnun og Landlæknisembættið.

Brigance, AH. (2008). *BRIGANCE þroskaskimun fyrir 4 ára börn, PS II*. Reykjavík:

Námsmatsstofnun og Landlæknisembættið.

# Lesskilningur er meginmarkmiðið

Ráðstefnan *Leiðin til læsis* var haldin 6. febr. sl. á vegum *Samtaka móðurmálskennara*. Á fyrri hluta ráðstefnunnar voru fyrirlestrar fræðimanna úr háskólasamfélaginu um efnið. Eftir hádegi gáfu fulltrúar leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla innsýn í leiðina til læsis í svokölluðum smiðjum. Greinarhöfundar fjölluðu um 1. - 4. bekk í Flataskóla skólaárið 2009-2010.

Efnið var sýnt á veggspjöldum og myndbandi. Í þessari grein er fjallað um hluta þess: Snemmtæka íhlutun, stefnumörkun um leshraða og lesskilning, byrjendalæsið í 1. og 2. bekk Flataskóla og samvinnu um læsi við foreldra í 3. og 4. bekk.

## SNEMMTÆK ÍHLUTUN

Mikilvægi snemmtækrar íhlutunar í nám barna sem hættu er á að eigi í lestrarerfðileikum er óumdeilt ef marka má nýjar rannsóknir (sjá hjá Sigurlaugu Jónsdóttur, Glæður 2009, bls. 13).

## Sveitarfélagið Garðabær

Snemmtæk íhlutun í lestrarstefnu Garðabæjar felst í samskiptum leikskóla og grunnskóla sem hafa þann tilgang að brúa á milli skólastiganna. Það er gert með *vorundi* þar sem deildarstjóri leikskóla miðlar m.a. upplýsingum úr Hljóm 2 og TOLD 2P. *Árleg heimsókn* leikskólubarna í grunnskólann er einnig liður í samskiptunum svo og haustfundur deildarstjóra á yngsta stigi, sérkennara, umsjónarkennara 1. bekkja og talmeinafræðings Garðabæjar.

## Flataskóli

Snemmtæk íhlutun í 1.- 4. bekk í Flataskóla felst í áherslu á þátttöku sérkennara í lestrarkennslunni. Vonast er til þess að fjöldi sérkennslustunda á því skólastigi geti dregið úr sérkennsluþörf á eldra stiginu síðar, í 5.-7. bekk.

Tafla 1: Kennslumagn í 1. - 4. bekk auk lögbundinna kennslustunda

Árangur	Fjöldi nemenda	Sundur sérkennara í 1.-4. bekk	Fjöldi langveikra
1. bekkur	26	6	0
2. bekkur	35	7	1
3. bekkur	34	9	1
4. bekkur	19	5	0

## Stefnumörkun um framfarir í leshraða

Til þess að geta kannað síðar hvort snemmtæk íhlutun, byrjendalæsið og fleiri nýmæli í lestrarkennslunni í 1. - 4. bekk þetta skólaár gefi þann árangur sem vonast er til, þarf að vera hægt að bera saman við fyrri tímabil. Þess vegna var leitað upplýsinga í gögnum Flataskóla á Mentor og skoðaður árangur nemenda á árabílinu 2005-2009. Reiknað var út meðaltal leshraða í 1. - 4. bekk á miðju skólaári og að vori. Eins og fram kemur í töflunum eru þeir sem taka próf færri en í heildarhópnum. Undanskildir frá útreikningi meðaltals eru þeir sem ekki voru álitnir hæfir til að taka leshraðapróf. Tafla 2 og 3 sýnir *Flataskólaviðmiðin*.

Tafla 2: Miðsvetrareinkunnir í 2. - 4. bekk Flataskóla skólaárin 2004-2009

	Fjöldi atkvæða	Meðal-einkunn	Bil	Atkvæðabil Meðaltöl	Þróttakar / Allir
2. bekkur	101	4,7	4,2 - 5,1	86 - 113	190/206
3. bekkur	146	6,2	5,5 - 6,6	125 - 158	215/231
4. bekkur	170	7,0	6,7 - 7,6	161 - 188	275/281



Rannveig Lund og Guðlaug Einarsdóttir.

Tafla 3: Voreinkunnir í 1. - 4. bekk Flataskóla skólaárin 2004-2009

	Fjöldi atkvæða	Meðal-einkunn	Bil	Atkvæðabil Meðaltöl	Þróttakar / Allir
1. bekkur	65	3,5	3,3 - 3,8	59 - 74	155 / 168
2. bekkur	119	5,3	4,9 - 5,5	107 - 125	194 / 207
3. bekkur	164	6,8	6,1 - 7,2	143 - 176	219 / 227
4. bekkur	188	7,6	7,2 - 8,0	176 - 200	279 / 283

Dálkarnir *Bil* (leshraðaeinkunn) og *Atkvæðabil* í töflu 2 og 3 sýna hæsta og lægsta meðaltal á fimm ára tímabili. Munurinn á meðaltölum sýnir hversu mismunandi færni árganga á sama aldri hefur verið. Af hverju stafar það? Reyndir byrjendakennarar segja mikinn mismun á árgöngum í upphafi skólagöngu. Kennarar, kennslufyrirkomulag og gæði námsefnis eru atriði sem ætla má að hafi áhrif í þessu samhengi. Mat á hljóðkerfisvitund, stafakunnáttu og öðrum grunnþáttum læsis er lykilatriði við upphaf skólagöngu til að geta sett stöðuna í byrjun í samhengi við árangurinn síðar. Viðmið sem gilda fyrir miðjan vetur (sjá töflu 2) gera kleift að fylgjast með framförum yfir skólaárið. Upplýsingarnar sem koma fram í töflunum auðveldu kennurum Flataskóla að setja sér markmið fyrir hvern einstakling og fylgjast með framförum þeirra milli tímabila á skólaárinu. Leshraði er almennt ekki kannaður hjá nemendum í 1. bekk um miðjan vetur. Um mat á framförum þeirra í grunnþáttum lesturs er fjallað í kaflanum *Lestrarkennsla í 1. bekk*.

Freistandi kann að vera að nota þessi viðmið fyrir aðra skóla. Á það er hins vegar bent að það sem á við í Flataskóla þarf ekki að eiga við í öðrum ólíkum skólahverfum.

## LESTRARKENNSLA Í 1. BEKK

*Byrjendalæsið í Flataskóla* er þróunarverkefni sem hófst árið 2008 og starfið í 1. og 2. bekkjum hefur mótast af því. Hér er um annað skipulag og innihald að ræða en í Byrjendalæsi sem kennt er við Rósu Eggertsdóttur. Ný kennslubók í lestri „Fimm vinir í leik og lestri“ eftir Rannveigu Lund hefur haft áhrif á lestrarnámið í 1. og 2. bekk þetta skólaár.

## Byrjendalæsið - kennsluskiptulag

Kennsluskiptulagið gerir mögulegt að nálgast þarfir hvers einstaklings með því að skipta í færnihöpa. Hópaskiptingin á sér m.a. stoð í rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum árið 2004 af Connor, Morrison og Katch. Á henni byggja Walpole og McKenna (2007) eftirfarandi nálgun í lestrarkennslu:

- Prep 1.** Allir nemendur vinna í hefðbundnu bekkjarskiptulagi og að sömu verkefnum. Verkefnið vinnast með beinni leiðsögn frá kennara. Nemendur vinna verkefnið ymist einstaklingslega eða í hópum.
- Prep 2.** Kennir er í færnihöpuðum hópum. Í einum hópnum er yfirferð hægar og upprifjanir tíðari. Í öðrum hópi takast nemendur örar á við ný viðfangsefni. Samsetning nemendahópa tekur breytingum eftir þeim framförum sem nemendur taka.

**Prep 3.** Nemendur sem ekki taka framförum á 1. og 2. þrepi þurfa hnitmiðaðri námsáætlun. Kennsla þeirra getur farið fram innan bekkjar eða utan.

**Útfærslan í Flataskóla**

Haustið 2009 var könnuð stafabekking nemenda sem voru að hefja nám í 1. bekk. Börnin þekktu heiti að meðaltali 74% íslensku stafanna sem eru 64 talsins, stórir og litlir. Börnunum mátti í grófum dráttum skipta í þrjá hópa á grundvelli stafakunnáttu og upplýsinga frá leikskóla (sjá Snemmtæk ihlutun hér að framan).

**Tafla 4: Grunnur að skiptingu í lestrarfærnihópa**

Færni hópa	Hlutfall nemenda	Þættir sem ríða mestu um skiptingun
<b>Stærkur</b>	<b>26,2%</b>	Nemendur kunna 20 af 64-stöfna (26%) íslensku stafanna stóra og litla. Líta á stafanna eins og á myndinni.
<b>Miðlungi</b>	<b>33,9%</b>	Nemendur kunna 22 af 64-stöfna (26%) íslensku stafanna stóra og litla. Líta á stafanna eins og á myndinni.
<b>Slakur</b>	<b>23,0%</b>	Nemendur kunna 10 af 64-stöfna (16%) íslensku stafanna stóra og litla. Líta á stafanna eins og á myndinni.

Umsjónarkennarar og sérkennari sjá um stafainnlögn og lestrarkennslu og nota til þess sex stundir á viku, tvær stundir í senn. Kennararnir skiptast vikulega á að kenna hópunum. Með því móti kynnst allir kennararnir mismunandi námsþörfum hópanna. Tvo daga vikunnar eru hóparnir í lestrarkennslu hjá umsjónarkennurum.

**Námsefni og aðferðir**

Bókin „Fimm vinir í leik og lestri“ er notuð í 1. bekk fyrir alla hópana en á mismunandi hátt. Markmið bókarinnar er stafakennsla, lestrartækni og sérstök atriði íslenskunnar í tal- og ritmáli. Athygli nemenda er fyrst tengd efni og orðaforða hverrar síðu. Síðan er henni beint að stöfum, hljóðum og lestrartækni. Bókin býður upp á paralestur sem glæðir skilning barnanna á tengslum talmáls og ritmáls.

*Hraði í stafakennslu.* Að öllu jöfnu eru kenndir tveir stafir á viku, stundum einn (t.d. þegar stafir hafa fleiri en eitt hljóð: Ll, Ff, Gg, Kk).

*Fjölbreyttar aðferðir við lestur.* Eftirfarandi aðferðum er beitt eftir því hvar nemendur eru staddir í lestri:

- Raddlestur. Nemandi les upphátt.
- Skiptilestur. Kennari og nemandi lesa til skiptis.
- Paralestur. Tveir nemendur lesa til skiptis.
- Endurtekinn lestur. Sami texti lesinn aftur.
- Kórlestur. Hópur nemenda les texta upphátt saman.

**Mat á lestri í 1. bekk**

*Í dagsins önn* er fylgst með tókum sem nemendur hafa náð í hljóðkerfisvitund, umskráningu/tæknillestri, lesfimi, hlustunar/lesskilningi, orðaforða og ritun.

*Mat á stafakunnáttu* er gert eftir hverja 10-12 kennda stafi.

Kannað er hvort *sjálfsnám* hafi átt sér stað, hvort börnin þekki „gráu stafafina“, þ.e. þá sem koma fyrir í orðum án þess að hafa verið kenndir (sjá í bók t.d. á bls.12-13).

Í lok 1. skólaárs er stuðst við markmiðin í „Fimm vinir...“ og kannað hvort þau hafi náðst. Þau eru þessi:

Að börnin séu örugg á öllum stöfum, stórum og litlum, og þeim hljóðum sem þeir standa fyrir. Það merkir að þau geti borið fram hljóð stafanna hiklaust, stök, í orðum og bullorðum. Á sama hátt þekki þau tvíhljóðana au, ei og ey.

Jafnframt er stefnt að því að börnin geti notað hljóðaaðferð af öryggi við lestur bullorða og tengt saman af öryggi a.m.k. þrjú hljóð, þau þekki í sjónhendingu stutt algeng orð og orðhluta, geti notað lesbútaaðferð við lestur og geti greint sérhljóða frá samhljóðum.

Þeir nemendur sem farnir eru að lesa eru hraðaprófaðir og árangur nemenda skoðaður í samhengi við Flataskólaviðmiðin.

**Árangur í Læsi 1.2 í 1. bekk 2010**

Nýlegar niðurstöður úr Læsi 1.2 eru þær bestu í sögu Flataskóla síðan það var notað í fyrsta skipti árið 2000. Yfir 65% árangur hefur verið túlkaður þannig í Flataskóla að nemendur séu komnir vel á veg í lestri. Þessum

árangri náðu 24 nemendur af 26. Meðal þeirra eru fjórir sem tilheyrðu slakasta hópi að hausti (sjá í töflu 4). Tveir sem voru í slakasta hópi náðu báðir yfir 50% árangri. Þeir eru að ná tókum á lestri þótt fylgjast þurfi vel með þeim. Ekki verður aðgreint hvað hefur áhrif á þennan árangur umframt annað. Árgangurinn er sterkur, kennararnir hafa öðlast reynslu í að kenna eftir skipulagi Byrjendalæsisins og í kennslubókinni *Fimm vinir í leik og lestri* er athygli barnanna beint markvisst að grunnþáttum lestars.

**SKIPULAG Í 2. BEKK**

Börnunum er skipt í þrjá færnimiðaða hópa eftir stafa- og lestrarkönnun sem gerð er að hausti. Hópar eru reglulega endurmetnir með tilliti til framfara. Umsjónarkennarar og sérkennari annast hver sinn hóp í lestrarkennslunni þrjár vikur og nota til þess sex stundir, tvær í senn. Tvo daga vikunnar eru hóparnir í lestrarkennslu hjá umsjónarkennurum. Ein stund á viku er nýtt fyrir einstaklinga eða litla hópa hjá sérkennara. Kennarar eru mismunandi aðferðir sem börnin geta nýtt við heimalesturinn. Áhersla er jafnframt á tækni við að stafsetja.

**Tafla 5: Grunnur að skiptingu í lestrarfærnihópa**

Hópur	Færni nemenda	Þjálfun
Mest færni 20 nem.	Kunna flesta/alla stafi Færni að lesa Þekja algeng orð í sjónhendingu	Áherslulegur upplæstur Leiðrétta vísir í lestri Hlustunar/lesskilningur Lesfimi/leshraði Hugtakaskilningur/orðaforði Stafsetning/ritun
Meðal færni 10 nem.	Brotalóm í stafabekkingu Tengja stafi saman í orð/geta lesið mjög einfaldan texta Frekar síök hljóðkerfisvitund	Uppritjun stafa Hljóðkerfisvitund Hlustunar/lesskilningur Lesfimi/leshraði Hugtakaskilningur/orðaforði Stafsetning/ritun
Litil færni 5 nem.	Kunna fáa stafi Síök umskráning/tæknillestur Síök hljóðkerfisvitund	Markviss stafainnlögn (Bókin „Fimm vinir“ notuð) Mikil lestrarþjálfun Hljóðkerfisvitund Stafsetning/ritun

**LESTRARÞJÁLFUN Í 3. OG 4. BEKK – MARKMIÐ OG LEIÐIR**

Við lok 4. námsárs á nemandi að geta lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði (sjá Aðalnámskrá grunnskóla 2007, íslenska). Lokamarkmið í leshraða er að sem flestir nái að lesa að lágmarki um 200 atkvæði á mínútu í lok 4. bekkjar. Sá leshraði hefur frá fyrri hluta 20. aldar verið talinn tryggja að íslensk börn geti lesið sér til gagns, þ.e. námsbækurnar í 5. bekk. Sumir skólamenn telja 200 atkvæða markmiðið úrelt, það sé of lágt, aðrir telja að færri börn nái því nú en áður fyrr og því sé það óraunhæft. Engar rannsóknir eru til sem sýna hvað rétt er um þróun leshraða í íslensku ritmáli. Þess vegna könnuðum við hvað hæft er í málinu hvað varðar nemendur Flataskóla.

**Tafla 6. Hlutfall nemenda í 4. bekk sl. fimm ár sem náðu 200 o.fl. atkvæðum á mínútu, þ.e. einkunninni 8,0**

Árg.2005-2009. Fjöldi	200 o.fl. atkv. Eink.: 8,0 ->	199-170 Eink.:7,9-7,0	167-140 Eink.:6,9-6,0	139 og færri Eink.: 5,9 og lægra
281	151=53,7%	58=20,6%	45=16,0%	27=9,7%

Tafla 6 sýnir að rúmlega helmingur nemenda nær 200 atkv. o.fl. og um 20% til viðbótar eru nálægt því. Markmiðið, 200 atkvæði við lok 4. bekkjar, er því ekki óraunhæft.

Þessar upplýsingar gera kleift að setja markmið um að fleiri rjúfi 200 atkvæða *múrinn* í lok 4. bekkjar en hingað til. Spurningin er hvort snemmtæk ihlutun, byrjendalæsið, upplýsingar um árangur fyrri árganga skólaverfisins í lestri, öflug hvatning og eftirfylgni við börn og heimili skili bættum árangri í framtíðinni. Upplýsingar í töflu 6 undirstrika mikilvægi þess að fylgja eftir framförum á eldra aldursstigi skólans, þ.e. hjá þeim sem ekki rúfu 200 atkvæða *múrinn*.

Litill leshraði er algengur námsvandí á unglíngastigi og í framhaldsskóla. Í stöðlun á leshraðaprófi fyrir 9. bekk (GRP 14e) kom í ljós að 200 atkvæði á mínútu telst fremur hægur raddlestur fyrir þann aldur. Þess vegna álíta greinarhöfundar að fylgjast þurfi með leshraða allra nemenda á miðstigi um leið og lesskilningi.

### Skipulag við lestrarþjálfun í skólanum

Börnin velja bækur á bókasafni eða í bekkjarbókasafni (slakari lesendur). Þær eru annars vegar notaðar til heimalesturs og hins vegar lestrarþjálfunar í skólanum. Bókasafnsfræðingur, umsjónarkennari og sérkennari leiðbeina barni við að taka bók sem er við hæfi í þyngd, stíl og efni. Reynt er að beina tæknilega slökum lesendum frá bókum með of mörg tæknilega og merkingarlega erfið orð og fjarlægum efnisheim. Rannsóknir sýna að „erfiðir textar“ á byrjendastigi drepa niður lestraráhuga fremur en efla hann (Haugstad, 2009).

Í 3. bekk er hljóðlestur daglega í 10-15 mín. Börnin lesa fyrir bekkjarkennara að jafnaði annan hvern dag og sum jafnframt fyrir sérkennara.

Í 4. bekk lesa nemendur í hljóði þrisvar í viku, 20 mínútur í senn, en slakir lesarar oft. Sérkennari sér um orðavinnu með börnum sem hafa ónóg tök á lestri og/eða stafsetningu ýmist inni í bekk eða utan bekkjar.

Dagleg lestrarþjálfun heima er sniðin að þörfum hvers og eins.

### Skipulag við lestrarþjálfun heima

Ákveðið var að fylgjast sérstaklega vel með leshraða og lestrarnákvæmni nemenda í 3. og 4. bekk fjórum sinnum yfir skólaárið 2009-2010 og setja öllum markmið við hæfi. M.a. í því skyni koma Flataskólaviðmiðin að góðu gagni. Foreldrar barna í 3. og 4. bekk eru áhrifvaldar um þjálfun í lestri heima. Samvinna við þá um aðferðir við heimalestur er því mikilvæg. Liður í þeirri samvinnu er upplýsingagjöf sérkennara um stöðu hvers barns miðað við sjálft sig og aldurshópinn, æskilegt markmið til að keppa að fram að næsta prófi og hvaða aðferðum við lesturinn skuli beitt heima. Í þessu skyni eru send heim foreldrabréf að loknu hverju mati.

### Eiga börn að þjálfast lestur í leyfum?

Ekki eru kennarar sammála um hvort börn eigi að þjálfast sig í lestri í skóla-leyfum eða eiga frí frá því. Línuritíð sýnir meðaltalseinkunnir barna í 4. bekk Flataskóla á þremur tímabilum. Fyrstu tvær mælingarnar eru fyrir og eftir sumarleyfi. Fram kemur að afturför varð hjá 13 af 18 nemendum. Afturför varð einnig hjá börnunum í 3. bekk en ekki jafn almenn.



Út frá myndinni er dregin sú ályktun að upplýsa eigi foreldra um hættu á afturför í lestri ef ónóg eða engin þjálfun á sér stað yfir langt tímabil á þessu stigi í lestrarpróun barna. Sú leið er því farin í Flataskóla.

### Símat á lesskilningi - viðmið

Ekki má skilja það svo að í Flataskóla sé lítið á leshraða sem aðalatriði í lestri. Lesskilningur er og verður meginmarkmiðið. Leshraði og lestrarnákvæmni er auðvelt að meta hlutlægt en lesskilningur síður. Hér verður bent á þrjár aðferðir sem kennarar í 3. og 4. bekk nota til þess að fylgjast með og efla

lesskilningur í dagsins önn.

Eín af þeim er að fylgjast með flæðinu í lestrinum og því hvort barnið er fært um að beita tjáningu og tóntegund sem á við efnið.

Tafla 7

Stig í að ná eðlilegri samfellu og hraða í lestri			
Aðferð/færni við lestur	Á byrjunarstigi	Á millistigi	Prófaður
Tóntegund og áherslur í samræmi við efni	Einhöna lestur, engin tjáning eða áherslur. Gefur ekki gæm að skólum milli málsgreina.	Hluti textans er lesinn með áherslum og tjáningu. Lestur getur einkenst af stressi.	Meiri hluti texta er lesinn með tjáningu og tóntegund sem á við efnið.

Southall, M. 2007. Differentiated Literacy Centers (bls. 26)

Börn sem hafa slök tök á tækni, eiga oft fullt í fangi með að nota „réttá“ tóntegund og áherslur sem efnið býður upp á þegar þau frumlesa texta.

Krafa um að lesa með tóntegund og áherslum er því ekki gerð fyrir leshraði er orðin að lágmarki 130 atkvæði og villuhlutfall 3% eða minna (R. Lund). Barn sem er á byrjunar- eða millistigi skv. töflunni hér að framan getur óðlast öryggi til þess að beita áherslum og tóntegund í samræmi við efnið. Þá hlustar barnið fyrst á annan lesa og fer síðan í „fótsporin“ á þróðan hátt. Þannig styrkir hlustunarskilningur lesskilning barnsins og gerir því kleift að beita þróðu lestrarlagi.

Önnur aðferð felst í að hafa í huga eftirfarandi skilgreiningu Southall á stikum í lesskilningi:

Tafla 8

Stig í lesskilningi - mat			
Færni/aðferð við að:	Á byrjunarstigi	Á millistigi	Prófaður
Tengjast efni og halda athygli á því	Nær ekki sambandi við efnið.	Segir að textinn minni á eitthvað en getur ekki útskýrt hvernig minning og texti tengjast.	Tengir eigin þekkingu og reynslu við textann.
Spyrja og svara spurningum	Er ófær um að spyrja og svara spurningum. Viðbrögð lýsa upp-gjöf.	Byrjar að spyrja og svara spurningum, en getur ekki byggt þær á því sem stendur í texta.	Spyr og svarar spurningum og getur nýtt sér og miðlað þekkingu í textanum.
Endersegja í stutts máli	Getur ekki miðlað stökum atriðum og upplýsingum textans.	Segir sundurlaust frá nokkrum atriðum/upplýsingum úr texta.	Endurspeglir atriði e meðlagmynda texta í röknéttri röð.
Meta og ákveða hvað er mikilvægt	Dregur engar ályktanir, né tengir texta við eigin hugmyndir og skoðanir.	Dregur ályktanir, gefur til kynna skoðanir sínar en getur ekki rökstutt þær né tengt við textann.	Dregur ályktanir, lætur í ljós skoðanir sínar til að útskýra rök og/eða tengja textann eigin hugmyndum og skoðunum.

Þriðja aðferðin kemur fram í foreldrabréfum. Foreldrum er bent á að kanna lesskilning barna sinna með því að þau segi þeim frá því sem þau lásu í hljóði heima. Í því felst hvati fyrir barnið til þess að taka eftir því sem þau les því það á í vendum að segja frá. Foreldrar geta með þessu móti gert sér grein fyrir því hvort barnið les sér til skilnings og leitað ástæðunnar ef svo er ekki. Er t.d. um að kenna erfiðri bók, áhugaleysi á bókinni eða úthaldsleysi við lesturinn? Heimili og skóli eiga að finna skýringu sem leiðir til breytinga.

Rannveig Lund, sérkennari í Flataskóla og forstöðukona Lestrarseturs Rannveigar Lund og Guðlaug Einarsdóttir, sérkennari í Flataskóla.

#### Heimildaskrá:

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. (2007). Menntamálaráðuneytið.

Haugstad, Odd (2009). Lesemotivsjón og tekstbyrde. *05 Spesialpedagogikk* (bls. 44-45).

Sigurlaug Jónsdóttir (2009). Lestrarþjálfun ungra barna með lestrarörðugleika. *Glæður* (bls. 11-18).

Southall, Margo (2007). *Differentiated Literacy Centers*. New York: Scholastic Inc.

Walpole, Sharon og McKenna, Michael C. (2007). *Differentiated Reading Instruction. Strategies for the Primary Grades*. New York: The Guilford Press.

## FRÉTT

### Mesta starfsánægjan í Sjalandskóla

Háskólinn í Reykjavík gerði á seinasta ári rannsókn á áhrifum mannauðsstjórnunar á hegðun og viðhorf starfsfólks 17 stofnana og fyrirtækja. Skoðaðar voru eftirfarandi hugsmíðar: Starfsánægja, tryggð, þegnhegðun starfsmanns og samstarfsfólks, stuðningur, bjartsýni og sannaðir verklagi.

Sjalandskóli í Garðabæ var ein af þeim stofnunum sem tóku þátt í rannsókninni. Niðurstaðan í Sjalandskóla var mjög góð og bendir til að þar hafi tekist að

byggja upp gott starf.

„Af þeim stofnunum sem tóku þátt í rannsókninni voru starfsmenn Sjalandskóla í Garðabæ með mestu starfsánægjuna, upplifðu mestan stuðning auk þess sem þeir voru þeir bjartsýnustu af starfsmönnum þeirra stofnana sem tóku þátt. Allir sjö þættir rannsóknarinnar mældust yfir meðallagi hjá Sjalandskóla og því ekki hægt að telja upp neina veikleika í þessu samhengi“, segir meðal annars í lokaskýrslu um könnunina.



## Í öruggum höndum í bíl frá okkur



Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti
- með sjónvarp og DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum

[www.allrahanda.is](http://www.allrahanda.is)

Flottir bílar og frábær þjónusta!



**Iceland Excursions - Allrahanda**

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík | Sími: 540 1313

Netfang: [ruta@allrahanda.is](mailto:ruta@allrahanda.is) | Vefsíða: [www.allrahanda.is](http://www.allrahanda.is)



## Íslendingar styðja þróun móðurmáls San þjóðarinnar

Ljósmyndir: Haukur Már Haraldsson

**Giskað hefur verið á að um næstu aldamót verði liðlega helmingur þeirra 6.700 tungumála sem töluð eru í heiminum liðinn undir lok. Gleymdur. Og með tungumálum hverfur menningararfur þeirra þjóða sem hin horfna mál hafa talað.**

Meðal þeirra mála sem talin eru í útrýmingarhættu er *kwedam*, eitt af fimm tungumálum sem San þjóðin í Namibíu talar. *Kwedam* er tungumál 5000 manna og annað tungumál, *!Kung* (einnig þekkt sem *!Xun*), er talað af svipuðum fjölda San.

San fólk er líklega með snauðustu hópum sunnanverðrar Afríku. Upphaflega voru þetta veiðimenn sem ferðuðust um sléttur og lifðu á veiðibráð. Friðanir dýrategunda og sístækkandi bújarðir bænda hafa hægt og hægt hrakið þetta fólk af veiðilendunum og nú er svo komið að San fólk er háð utanaðkomandi aðstoð.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur um langt árablið unnið með heimamönnum í Namibíu að margvíslegum verkefnum, aðallega tengdum sjávarútvegi og menntun. Þarna má nefna sjómanskólann í Walvis Bay, skóla- og vatnsveituáttak meðal Himba í NV-Namibíu og heyrnleysingjaskóla í norðausturhluta landsins. Frá árinu 2008 hefur stofnunin svo stutt verkefni sem snýst um að þróa kennslufni fyrir San, einkum fyrir leikskóla- og grunnskólastig þegar næmiskeið máltökunnar er mest. Verkefnisstjóri þessa átaks er dr. Davíð Bjarnason, en hann hefur á hendi félagsleg verkefni í Namibíu á vegum ÞSSÍ.

Ástæða er til að fagna því að Íslendingar skuli koma að svo þýðingarmiklu og metnaðarfullu verkefni. „San börn geta nú sókkt sér ofan í eigin menningu í gegnum miðil sem skrifaður er á þeirra eigin móðurmáli,“ segir Davíð í grein á vef



Þróunarsamvinnustofnunar. „Verkefninu verður fylgt eftir með menntasmíðju fyrir kennara, sem miðar að því að undirbúa San kennara með hagnýtri þekkingu og færni í lestri og skrift á tveimur tungumálum, til að tryggja að móðurmálið verði í öndvegi sem kennslumál sem og í almenna námsumhverfinu.“

Samkvæmt lögum í Namibíu er skólaskylda og stefna stjórnvalda felur í sér stuðning við móðurmálskennslu á þremur fyrstu árum skólagöngu. Til að tryggja framgang þessarar stefnu þarf að búa til námsefni á viðkomandi móðurmáli og mennta kennara til að kenna það. Flest tungumál San fólksins eru einungis raddmál, án ritmáls, sem skapar vandkvæði við að útbúa námsefni þar sem þróa þarf ritmál fyrir hvert tungumál samtímis. San börnin hafa því til þessa

fengið takmarkaða kennslu í móðurmáli sínu.

Bein afleiðing þessa er að brottfall San nemenda hefur verið alvarlegt vandamál, eins og sjá má af því að aðeins 1,8% San nemenda sem hefja nám í fyrsta bekk heldur áfram upp í framhaldsskóla. Beint samhengi er á milli skorts á móðurmálskennslu og ófullnægjandi námsárangurs San barna. Stuðningur við móðurmálið og kennslu þess er því talin ein mikilvægasta lausnin á aðstoðjandi vanda í menntunarmálum San í Namibíu.

### Haukur Már Haraldsson

Höfundur er kennari í Tækniskólanum og á sæti í Þróunarsamvinnuráði og Þróunarsamvinnunefnd. Áhugasamir geta lesið grein sem hér er vitnað til eftir dr. Davíð Bjarnason á vef ÞSSÍ [www.iceida.is/frettir/nr/1082](http://www.iceida.is/frettir/nr/1082). Á vefnum er líka smárit um Namibíu og meira efni um þetta verkefni og fleiri í landinu.



## Lausar stöður

við Grunnskólann á Þórshöfn

Lausar eru eftirtaldar stöður við Grunnskólann  
á Þórshöfn frá 1. ágúst 2010

- Staða skólastjóra
- Kennara vantar í umsjónarkennslu og í almennum greinum
- Staða tónlistarkennara

Umsóknarfrestur er til föstudagsins 9. apríl nk.  
Fyrri umsóknir óskast staðfestar.

Upplýsingar gefa Heidi Rún Óladóttir,  
skólastjóri í sínum 468 1164 og 893 5836,  
heidrun@langanesbyggd.is og Gunnólfur  
Lárusson, sveitarstjóri í sínum 468 1220 og  
821-1646 [sveitarstjori@langanesbyggd.is](mailto:sveitarstjori@langanesbyggd.is)

Grunnskólinn á Þórshöfn er einsetinn skóli með rúmlega 80 nemendum í hæfilega stórum bekkjardeildum. Á Þórshöfn búa um 400 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Á staðnum er öll almenn þjónusta, heilsugæsla, verslun, veitingastaður, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útvistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. er flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

## FJÖLDJÓÐAMENNING Í MANITOBA SKÓLAHEIMSÓKNIR TIL VESTURHEIMS



Ferðaskrifstofan **VESTURHEIMUR SF** skipuleggur heimsóknir í skóla og menningarstofnanir í Manitoba í Kanada.

Ferðatilhögun:

- 1: flug til Winnipeg
- 2: gist á sama hóteli sjö nætur
- 3: skólaheimsóknir í borginni
- 4: skólaheimsóknir í Nýja Íslandi

Upplýsingar veitir Jónas Þór í síma 861-1046 milli kl. 09:00-16:00 og á [jonas.thor1@gmail.com](mailto:jonas.thor1@gmail.com)  
[www.vesturheimur.com](http://www.vesturheimur.com)

## KENNARANÁMSKEIÐ KRAMHÚSSINS >>> 2010 <<<

### SKAPANDI KRAFTUR - HREYFING, RYTHMI OG RÖDD



**SJÁLFUR  
SIGURD  
BARRETT  
HELDUR  
NÁMSKEIÐ  
MEÐ PÉRI**



Missið ekki af námskeiði með danska tónlistarmanninum **Sigurd Barrett** sem hlotið hefur ótal viðurkenningar fyrir menningarstarf sitt með börnum.



Rætur sagnalistar-  
„Sögummar 7“

**Árni Ólafur Ásgeirsson**  
Handritshöfundur og  
kvikmyndaleikstjóri



Tónlistarleikur  
**Elfa Lilja Gísladóttir**  
Tónlistarkennari

Spuni, skapandi dans  
**lvve Martinez**  
Danshöfundur



**8.-10. JÚNÍ  
Í KRAMHÚSSINU**

FJÖR OG  
FRÁBÆRIR  
KENNARAR  
-eins og alltaf!



[www.kramhusid.is](http://www.kramhusid.is)  
551 5103 & 551 7860

Skemmtilegasta námskeið ársins · Skráning hafin!



Ljósmyndir frá höfundum.

## Dagur leikskólans í Vestmannaeyjum 6.febrúar 2010

**Dagur leikskólans** var haldinn hátíðlegur í Vestmannaeyjum í ár. Í fyrra voru leikskólar í Vestmannaeyjum með myndlistarsýningu í Safnahúsinu í tilefni dagsins. Öll börn teiknuðu mynd og var yfirskrifin „Leikskólinn minn“. Sýningin hékk uppi í mánuð og voru margar skemmtilegar og fallegar útfærslur á myndum barnanna.

Ákveðið var að gera meira úr deginum nú í ár í tilefni þess að 60 ár liðin frá því að fyrstu hagsmunasamtök leikskólakennara voru stofnuð á Íslandi. Mánudaginn 1. febrúar komu leikskólarnir saman á lóð Landakirkju og mynduðu vinarhring og sungu nokkur lög. Föstudaginn 5. febrúar buðu allir leikskólar börnum og foreldrum þeirra í morgunmat sem tókst mjög vel og allir áttu góða stund saman. Sama dag var opnuð sýning í Safnahúsinu sem stóð yfir í mánuð. Þar mátti finna búnað og muni sem tengjast sögu leikskóla í Vestmannaeyjum, s.s. gamlar fundabækur, söngbækur, handskrifuð fréttabréf, gömul húsgögn, gömul og ný leikföng og margt fleira sem gladdi augað. Einnig var ljósmyndasýning, sem sýnd var í sjónvarpi, af starfi leikskólanna frá upphafi þeirra. Það var gaman að sjá sögu leikskólanna í máli og myndum og mikið hlegið þar sem margir þekktu sjálfan sig og aðra. Sérstaka athygli vakti hár- og fatatíska sem spannaði þetta tímabil. Á sýningunni í Safnahúsinu voru einnig myndir eftir elstu börnin í leikskólunum. Öll börn leikskólanna tóku þátt í myndlistarsýningu sem var sett upp í þremur fyrirtækjum í bænum, hver árgangur með sitt fyrirtæki. Yfirskrift myndanna í ár var: „Þetta gerir ég í leikskólanum mínum“.

Við opnun sýningarinnar á föstudegnum afhentu *Kiwanisklúbburinn Helgafell* og *Barnaheill í Vestmannaeyjum* peningagjafir sem renna til starfsemi leikskólanna í Eyjum, Frístundavars og dagforeldra. *Kiwanisklúbburinn* gaf samtals 1.000.000 króna eða 4000 krónur á hvert barn og *Barnaheill* gaf 250.000 krónur eða 1.000 krónur á hvert barn. Við þetta tækifæri afhentu leikskólarnir Byggðasafni Vestmannaeyja gömul leikföng, fundabækur og myndaalbúm.

Laugardaginn 6. febrúar voru fluttir tveir fyrirlestrar í bókasafninu, annar var um barna-



bókahöfundinn Sigurbjörn Sveinsson, fluttur af Öddu Jóhönnu Sigurðardóttur og Sigurbjörgu Jónsdóttur leikskóla- og grunnskólakennurum, og hinn hét „Stiklað á stóru í sögu leikskóla í Vestmannaeyjum“ sem Þóranna Sigurbergsdóttir leikskólakennari flutti.

Um kvöldið var sameiginleg árs hátíð leikskólanna, þar ríkti gleði og hlátur sem skilur eftir góðar minningar í safnið.

Gaman er að segja frá því að Fréttir (fréttablaðið í Eyjum), netmiðlar, sjónvarp og útvarp gerðu þessari helgi góð skil.

**Alda Gunnarsdóttir,**  
leikskólastjóri í Kirkjugerði

**Emma H. Sigurgeirsdóttir,**  
aðstoðarleikskólastjóri í Kirkjugerði

## Fyrirspurn frá Hollandi:

Við Spinoza-Lyceum í Amsterdam er hefð fyrir því að nemendur í unglingadeild, 15-16 ára, heimsækja og taka á móti heimsóknnum frá erlendum löndum. Um er að ræða tólf til tuttugu manna hópa ásamt tveimur kennurum sem dvelja í tæpa viku hjá fjölskyldum nemenda í öðrum löndum. Um þessar mundir eru þau í samskiptum við Spán, Austurríki, Grikkland, Þýskaland, Pólland og Marokkó. Síðar taka hollensku nemendurnir á móti gestgjöfum sínum heima í Hollandi, hýsa þá og kynna fyrir þarlandum síðum og venjum. Nú langar þau að komast í kynni við íslenska nemendur. Áhugasamir kennarar sem hefðu áhuga á samskiptum við þau hafi samband við Hans Wildeboer.

[h.wildeboer@spinozalyceum.nl](mailto:h.wildeboer@spinozalyceum.nl)

## Inniloft og líðan starfsmanna

**Loftgæði í vinnuumhverfi hefur áhrif á líðan starfsmanna. Slæmt inniloft getur valdið þreytu, einbeitingarskort og almennri vanlíðan og leiðir þannig til minnkaðra afkasta og jafnvel aukinnar fjarveru starfsmanna.**

Það geta verið margar orsakir fyrir slæmu innilofti á vinnustað. Til dæmis vegna útblásturs frá rafmagnstækjum, of háu hitastigi innandyrna, ræstingu og óheppilegs vals hreinsiefna, vandamála tengdum loftræsti- og hitakerfum, rakavandamál og myglusveppa. Önnur vandamál má rekja til þess hvernig húsnæðið er byggt og innréttað, s.s. þess efnis sem notað er og húsaerðar, t.d. staðsetningar glugga, og viðhalds, s.s. á veggjum, lofti og gólf.

**Sjá vinnuumhverfisbólu um inniloft á [www.ki.is](http://www.ki.is)**

# KROSSFESTING

Helga Björk Magnúsd. Grétudóttir

Hrakin, smánuð, hædd og pínd,  
hrakyrnt, spotti vafin.  
Sólin horfin, sálin týnd,  
í sálarmorði grafín.

## Hvað er einelti?

Einelti er útskúfun, andlegt mein, vandamál sem gegnsýrir samfélagið. Andstaðan við kærleik, samliðan, skilning, vellíðan og virðingu. Það leyfir ekki manneskjum að birta hæfileika og eigindir sínar, vera ljóslifandi getnaður og skapnaður lifandi guðs almáttugs.

Þar ræður afbrýðisemi og öfund oft ferðinni, gengur gjarnan í bandalag við valdniðslu og drottunargirnd þeirra er halda um stjórnvöllinn. Sýnir sig í getuleysi samferðafólksins sem upphafur sig á kostnað annarra. Binst í samtök og flokka með þöggun, afskiptaleyfi, skotgrafahernað og undirlægjuhátt að vopni!

Sýnir sig í lítilmannleik og geðluðruhætti þeirra sem taka sér bessaleyfi og ganga í lið með óttaslegnum múgnum að útiloka lifandi manneskjur; þeirra sem gefa sig á vald veraldlegra sérhagsmuna vegna atvinnu og vinsælda.

Andvirði sálarinnar verður ruslatunnufæði sem hent er á haugana og mokað yfir. Það veldur loks mengun á lífeðlisfræðilegu og vistfræðilegu lífskerfi jarðarinnar.

Þar veldur það svo djúpum sársauka að það er eins og hjartað sé rífið úr brjóstinu og gert viðskila við líkamann. Til verða svo djúp sár að varla nær að gróa um heilt. Á endanum snýst þetta upp í harmleik í fjölskyldum, andlegt svartnætti þar sem skuggi magnleysis og djúprar sorgar grúfir yfir vötnunum.

## HVAÐ ER TIL RÁÐA?

### Að slíta stjórnsýsluna úr vendisás sjálfrar sín!

- Að gera stjórnendum hins opinbera það ljóst að þeir eru fyrst og fremst þjónar réttlætisins. - þjónar fólksins og eiga að gæta að hagsmunum fólksins sem þeir eru í vinnu hjá.
- Að þeir eigi að vera fyrirmynd fólks í mannlegum samskiptum, sýna velvilja og mannkærleika og leitast við að skapa jöfn tækifæri.
- Að þeirra er að ganga fram fyrir skjöldu í ósættum og deilum og leggja eigin persónu til hliðar, til framdráttar fyrir bætt og betra samfélag.
- Að stjórnendur þurfa að vera fyrirmynd annarra landsmanna og skapa jákvætt og hrósvert umhverfi þar sem innri fegurð mannsins er dregin fram í dagsljósið.

Engin manneskja er svo aum og lítilsverð að hún búi ekki yfir einhverjum hæfileikum og getu til að skapa samfélag!

### Litla gula hænna fann fræ

Á ferðalagi mínu um stjórnsýsluna hefur mér verið vísað úr einni stofnuninni í aðra, úr einu

ráðuneytinu í annað og bent á að tala við forsvarsmenn og lögfræðinga undirstofnana undirstofnana, verið vísað frá einu embættis til annars, út og suður, frá Heródesi til Pílatúsar.

Ég hef kannað og skannað undirheima laga- og regluverksins og skil nú vel hvers vegna skipulagsfræðingur borgarinnar vildi fremur byggja fyrir mig himnastiga en brýr á milli embætta, nefnda og stofnana stjórnsýslunnar.

Ef á að takast að byggja upp réttvíst samfélag – land allsnægta – þurfa stjórnendur og forsvarsmenn þjóðarinnar að temja sér þá reglu að gæta hagsmuna fólksins, fara að eigin lögum og reglum en verja ekki ráðuneytin sín eða flokkinn sinn, starfsvettvang eða vinnustaði, skóla og aðrar opinberar stofnanir.

Því geri ég þá kröfu á hendur forsvarsmönnum

þjóðarinnar að þeir velji sér það hlutskipti að hætta að vera meðreiðarsveinar samkeppni og fáfræði, hræðslu- og svartgallsrauss.

### Hugmynd um úrræði í formi sérhæfðs fagteymis: Sérsveit gegn einelti

Samkvæmt tilmælum forsvarsaðila fyrirhugaðrar Sérsvaitar gegn einelti var komið á samvinnu þriggja ráðuneyta sl. vor. Í framhaldi af því settu talsmenn Sérsvaitarinnar fram þá hugmynd að koma á fót sérhæfðu fagteymi, skipuðu lögmanni, sálgæsluáðila og talsmanni þolenda.

Hugmyndin var lögð fyrir samráðsfund þriggja ráðuneyta 16. júní 2009, menntamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, að viðstöddum Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra og Ögmundi Jónassyni



fyrirverandi heilbrigðisráðherra, auk Þórs G. Þórarinssonar skrifstofustjóra félags- og tryggingamálaráðuneytis ásamt aðstoðarmönnum ráðherra og fleira góðu fólki.

### VIÐ SEGJUM:

Barn á rétt á að líða vel í skólanum sínum.  
Fólk á rétt á að líða vel á vinnustað sínum.

### Á ferð minni um stjórnsýsluna hafa kviknað spurningar á borð þessarar:

- Af hverju sitja sumir lögfræðingar stéttarfélagi báðum megin borðsins eða jafnvel hringinn í kringum borðið?
- Af hverju hlutast ekki allir forsvarsmenn stéttarfélagi til um að einelti og kynferðislegt ofbeldi á vinnustöðum verði ekki liðið?
- Af hverju er það þolandinn sem nær undantekningalaust er látinn víkja jafnt í skólum sem og á vinnustöðum?
- Af hverju er skýrsla vinnustaðasálfraeðinga eign verkkaupa eða yfirmanna vinnustaða?
- Af hverju er ekki ljóst hvað verður um skýrslurnar, hverjum og hvað megi birta, hvar og hvenær?
- Af hverju er jafnræðisregla íslensku stjórnarskrárinnar ekki virt?
- Af hverju tala peningarnir þegar reynir á íslenskt réttarfarskerfi?

**Hugmyndin er að Sérsvaitin (fagteymi) sé í raun áfallateymi** sem þarf að bregðast við samdægurs eins og þegar snjóflóð fellur á landsbyggðina. Þá er ríkisstjórnin ræst út,

þjörgunarsveitir á lofti, láði og legi og heilbrigðisstéttir eru settar í viðbragðsstöðu. Rauði Kross Íslands setur í gang viðbragðsáætlun og lögreglan er við öllu búin. Prestar eru tilbúnir til að sinna sálgæslu, landsmenn liggja á bæn, óháð trúarbrögðum, milli vonar og ótta að megi bjarga mannslífum. **Þá er ekki spurt út í kostnað.**

Leitað hefur verið til fyrirverandi og núverandi alþingismanna um raunhæfar úrbætur. Bréf hafa verið send, gengið hefur verið á fundi ráðherra, þingmannanefnda og embættismanna og þúsundum undirskrifað hefur verið safnað. Sérsvait gegn einelti var hins vegar sýnað um styrk á fjárlögum 2010. Enn hefur enginn ráðherra lýst sig ábyrgan og reiðubúinn til að vera talsmaður og ábyrgðarmaður þess að koma Sérsvait gegn einelti í fastan farveg eða á föst fjárlög eða tala máli hennar á hinu háa Alþingi.

Hér með skora ég á ráðherra í ríkistjórn að koma Sérsvait gegn einelti á fót hið snarasta, áður en fleiri láta lífið eða fleiri fjölskyldur verða eyðilagðar af völdum þessa vágests! Við getum stutt við bakið á meðbræðrum okkar á Háiti sem ég tel vera heilaga skyldu okkar og er það vel.

**En af hverju á íslensk þjóð svona erfitt með að líta sér nær þegar líf liggur við, þegar kemur að eineltismálum?**

Helga Björk Magnúsd. Grétudóttir  
Sólvallagötu 50, 101, Reykjavík.  
Sími 821-9871 / 551-9871  
songholl@internet.is

Höfundur er háttvirtur öryrki, talsmaður Samstarfsþóps um vinnuvernd á Íslandi, liðsmaður Eineltissamtakanna '98, Jerico og Sérsvaitar gegn einelti, tónlistarkennari og Suzukisöngþjálfari.

## Hvatning frá greinarhöfund:

Sérsvait gegn einelti

### EINELTI ER STÓRT HEILBRIGÐISVANDAMÁL.

Vinsamlegast hjálpaðu til við að þrýsta á stjórnvöld að gera eitthvað raunhæft í málinu með því að gerast meðlimur í þessum hópi: <http://www.facebook.com/group.php?gid=324316875533>

## Nýtt tónlistarspil!

Höfum gaman ehf. hefur gefið út tónlistar-námsefnið/tónlistarspilið **Gaman saman með Pétri og úlfnum** fyrir 3 – 8 ára nemendur leikskóla, grunnskóla og forskóla tónlistarskóla. Linda Margrét Sigfúsdóttir er höfundur námsefnisins og vann að gerð þess á árunum 2008-2009. Þetta er geysilega fallegt og vandað spil að allri gerð og verður gaman að fylgjast með hvernig kennurum líst á en efnið hefur þegar verið tilraunakennt með góðum árangri.

„Hugmyndin kviknaði þegar ég byrjaði að vinna með tónlistina og söguna í leikskólanum Kópasteini í Kópavogi þar sem ég starfa sem deildarstjóri í tónlist,“ segir Linda. „Mig vantaði eitthvað áþreifanlegt, eitthvað sem börnin gætu verið með í höndunum til að tengja saman hvaða persónur ættu við hljóðfærni. Mér fannst líka nauðsynlegt að þau fengu þjálfun í að nota og þekkja hljóðfæranöfnin og þá í gegnum leik. Þetta gafst mjög vel og í framhaldi af því notaði ég námsefnið í Tónlistarskóla Álftaness með forskólahópunum mínum þar. Það gekk líka vel og ég fékk hugmyndir að öðrum útfærslum á spilinum sem henta þessum aldursþópi. Kennarar í leikskólanum Birkilundi í Skagafirði kenndu einnig efnið og tónmenntakennari Smáraskóla kenndi það í 1.-3. bekk.

### Upplýsingar um verð og innihald

#### Lýsing á námsefninu/tónlistarspilinu:

Ítarlegar kennsluleiðbeiningar með margvíslegum hugmyndum að settum markmiðum  
10 lottóspjöld af persónum og dýrum  
10 lottóspjöld af hljóðfærum  
10 hverjum bunka eru 14 tegundir af spilum og 10 af hverju, samtals 140 spil  
7 veggspjöld  
Verð námsefnisins/tónlistarspilsins: kr. 9.900

#### Sala og dreifing:

Selt hjá Höfum gaman ehf. í Lautarmára 53 [www.hofumgaman.com](http://www.hofumgaman.com) og í A4 skólavörubúðinni á Smáratorgi 1. Upplýsingar gefur höfundur í s. 8660660, [hofumgaman@gmail.com](mailto:hofumgaman@gmail.com)

Í framhaldi af þessari vinnu minni fékk ég reyndan teiknara, Kristínu Maríu Ingimarsdóttur, til að teikna myndirnar í spilið, meðal annars út frá bók hennar og Bernd Ogrodniks, Pétur og úlfurinn, sem kom út hjá Forlaginu árið 2008.

Með því að spila spilið kynnast nemendur tónverki Prokofievs, læra að þekkja fólk, dýr og hljóðfæri í tónverkinu, vita hvernig þau líta út, hvernig þau hljóma og tengja saman hljóðfæri við fólk og dýr. Tónlistarspilið býður að sögn Lindu upp á fjölbreyttar nálganir í hópavinnu eða



þar sem kennarinn leiðir vinnuna.

Spilið er ætlað til hópavinnu, fyrir 10 – 20 nemendur í einu en einnig má nota það í smærri hópum. „Viðfangsefni tónlistarspilsins snerta persónulega færni og samskiptafærni nemenda,“ segir Linda Margrét. „Einnig má æfa marga þætti í daglegu lífi, til dæmis tjáningu og hlustun. Námsefnið hentar líka vel til málörvunar. Það leggur góðan grunn að tónlistaruppeldi barna á þessum aldri og stuðlar að jákvæðri og skemmtilegri samveru.



**COMENIUS**  
LEIK-, GRUNN-, OG  
FRAMHALDSSKÓLASTIG

## Comenius styrkir

**Endurmenntun kennara:** Comenius styrkir kennara á leik, grunn- og framhaldsskólastigi til að sækja endurmenntunarnámskeið, ráðstefnur eða námsheimsóknir til Evrópu í allt að 6 vikur.

Umsóknarfrestir eru: 1. janúar fyrir sumarnámskeið, 30. apríl fyrir námskeið sem hefjast í september 2010 og 15. september fyrir námskeið sem hefjast eftir 1. janúar 2011.

**Evrópsk samstarfsverkefni:** nemendaskipti, skólaverkefni, Comenius regio og námsefnisgerð. Undirbúningsstyrkir eru veittir til að koma verkefnum á fót. Í október 2010 verður Comeniusar-tengslaráðstefna haldin á Íslandi. Listi yfir tengslaráðstefnur verður birtur í vor á [www.comenius.is](http://www.comenius.is)

**Evrópsk aðstoðarkennsla** – gagnleg aðstoð fyrir tungumálakennara. Verðandi aðstoðarkennarar starfa í 3-8 mánuði við skóla og styrkt frá sínu heimalandi. Sjá nánar: [www.comenius.is](http://www.comenius.is)

**Etwinning** – rafrænt evrópskt skólasamstarf kjörinn vettvangur fyrir tungumálakennara og nemendur til að tengjast evrópskum félögum og vinna að sameiginlegum verkefnum. Auðvelt og skemmtilegt samstarf sem opnar margs konar möguleika. Sjá nánar [www.etwinning.is](http://www.etwinning.is)



### Nordplus Junior styrkir


Ferðir nemenda og kennara, samstarfsnet og samstarfsverkefni Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

### Nordplus Nordiske Sprog og Kultur

Ferðir nemenda og kennara til að styrkja málskilning, málkunnáttu og menningarvitund þeirra.

Þátttakendur: Norðurlöndin. Umsóknarfrestur í Nordplus er í mars ár hvert. [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is)

Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB/Alþjóðaskrifstofa,  
Háskólatorgi, 101 Reykjavík. sími: 525 4311,  
[ask@hi.is](mailto:ask@hi.is)



# Traustur sjóður, örugg samfylgd

Hlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.

Á vef LSR, [www.lsr.is](http://www.lsr.is), geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík  
Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150  
[sereign@lsr.is](mailto:sereign@lsr.is) • [www.lsr.is](http://www.lsr.is)